

BARIST UM FLUGVÖLL Í MIÐRI BORG

Tempelhof-flugvöllur var gerður árið 1923 og hefur þjónað Zeppelin-förum, nasistum og bandamönnum. Berlínarbúar kjósa í dag um þennan sögufræga völl.



ALLA SUNNUDAGA

12
SÍÐUR

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

27. apríl 2008 – 114. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



BALLIÐ ER EKKI BUIÐ

Chelsea vann drama-
tískan sigur á Man. Utd
í gær og er nú jafnt
United að stigum.

ÍPRÓTTIR 24



FYLGIR Í DAG

VEDRIÐ Í DAG



Áframhaldandi norðanátt Það er ekki vorlegt um að litast á norðanverðu landinu í dag, hiti ofan og neðan við frostmarkið, slydda eða éljagangur og norðanátt, sunnanlands kólnar líka en verður þurrat að mestu.

VEDUR 4



BARIST VIÐ ELDINN Það gekk á ýmsu á æfingu hjálparveitanna í gær þegar þær sviðsettu flugslys á Vestmannaeyjaflugvelli. Um þrjú hundruð manns tóku þátt í æfingunni. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Hjálparveitir æfðu viðbrögð í flugslysaæfingu á Vestmannaeyjaflugvelli:

Þrjúhundruð manns sviðsettu flugslys

SLYSAVARNIR Um þrjúhundruð manns í Vestmannaeyjum og víðar tóku þátt í sviðsetningu flugslyss á Vestmannaeyjaflugvelli í gær. Hjálparveitir æfðu viðbrögð við því þegar fjórutíu farþega flugvél hlekkist á í landingu með þeim afleiðingum að

eldar kvikna og fjöldi fólks er í bráðri hættu.

„Þessi æfing nýtist ef hjálpa þarf fólki eftir hópshlys,“ segir Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoda, sem stóðu að æfingunni ásamt Landhelgisgæslunni, Almanna-

vörnum, Neyðarlínunni, Rauða krossinum, björgunarsveitum, slökkviliðssveitum, heilbrigðisstarfsfólki og fjölda annarra sem starfa við neyðarhjálp.

Æfingin tók um þrjár klukkustundir og þótti takast vel til. „Við verðum alltaf betur og betur

undir slysbúin,“ segir Hrafnhildur. „Krakkar sem voru leikarar í síðustu æfingu sögðu að þessi æfing hefði gengið miklu hraðar en hin.“

Í dag fer fram rýnifundur þar sem farið verður yfir hvernig til tókst. -sgj

Fresta 260 milljóna sölu í Vatnsmýrinni

Borgarstjóri segir að 260 milljóna króna sölu nýrrar lóðar við hlið Íslenskrar erfðagreiningu sé frestað. Háskóli Íslands telur sig hafa rétt á lóðinni en embættismenn borgarinnar eru ósammála. Borgarstjóri vill sátt við Háskólann.

STJÓRNSÝSLA Snurða er hlaupin á þráðinn varðandi fyrirhugaða sölu borgarinnar á lóð við hlið Íslenskrar erfðagreiningar fyrir 260 milljónir króna.

„Það er ágreiningur um túlkun og við leggjum áherslu á að ná friði um málið og sameiginlegri niðurstöðu,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu 14. apríl að Reykjavíkurborg væri að semja við eiganda byggingar Íslenskrar erfðagreiningar (IE) um sölu á sjö þúsund fermetra lóð næst líftæknifyrirtækinu fyrir 260 milljónir. Starfsmenn framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar höfðu þá gengið frá samkomulagi um viðskiptin. Þau voru sögð byggjast á samningi sem gerður var árið 2000 þegar IE var úthlutað lóð í Vatnsmýrinni á Sturlugötu 8. IE seldi fasteign sína seinna til

félagsins S8 ehf. Söluinni á lóðinni hefur verið frestað. Í Fréttablaðinu á föstudag var greint frá því að Kristín Ingólfsdóttir, rektor

„Borgin ætlar að vanda sig svo það sé alveg skýrt að það sé ekki hægt að vefengja það þann hún gerir“

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON
BORGARSTJÓRI

Háskóla Íslands, hefði gert alvarlegar athugasemdir við sölu nýju lóðarinnar í bréfi til formanns borgarráðs, Vilhjálms Þ. Vilhjálms-sonar. Sagði rektor skólann í þörf fyrir rými og að óviðunandi væri að úthluta umræddri lóð án samþykkis háskólaráðs. Telur Háskólinn borgaryfirvöld hafa á sínum tíma lofað skólann lóð á þessum

stað. Þessu hafa embættismenn borgarinnar ekki verið sammála.

Borgarstjóri segir það vera sér mikið kappsmál að málið leysist í góðri sátt við Háskóla Íslands. „Það eru ágreiningsefni samkvæmt lagatúlkun og fleiru sem þarf að fara betur ofan í. Borgin ætlar að vanda sig svo það sé alveg skýrt að það sé ekki hægt að vefengja það sem hún gerir,“ segir Ólafur F. Magnússon.

Kaupandi lóðarinnar átti að vera S10 ehf., sem er nýtt félag í eigu sömu aðila og eiga S8. Í samkomulaginu sem unnið hefur verið kemur fram að ætlunin sé annars vegar að gera viðbyggingu við hús IE og hins vegar að byggja nýtt sjálfstætt hús. Samtals á byggingarmagnnið að vera 4.900 fermetrar ofanjarðar. Ekki náðist í Jóhann Halldórsson, forsvarsmann S8, í gær. -gar

Geiri á Goldfinger:

Opnar banka

VEITINGAHÚS. „Já, staðurinn mun hugsanlega heita Gleðibankinn,“ segir Geiri á Goldfinger. Gengið hefur verið frá því að Geiri muni leigja húsnæði í Austurstræti 5, þar sem Kaupþing hefur verið með aðalútibú sitt, undir veitingastað. -jbg / sjá síðu 30

OPIÐ FRÁ 13 TIL
78

Á SUNNUDÖGUM

Kringlan

OPIÐ
til 20

alla daga
í öllum
verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
- þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

GRILLBRAGÐ

- helgarinnar



Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr 1/3 af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

Kryddjurtapestó:

1 1/2 dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • 1/2 búnt steinselja • 1/2 búnt tímian • 1/2 búnt mynta

2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • 1/2 tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.



25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemningu sem þú vilt.

High Tea á Hilton

Farðu ekki á mis við yndislega breska hefð sem breiðst hefur út um heimsbyggðina og er nú loksins í boði á Íslandi, á VOX bar.

Kampavín og gómsætar samlokur, kökur og ferskir ávextir, te eða kaffi, listilega borið fram í alþjóðlegu andrúmslofti. Bretar mæla með því að þú bjóðir góðum vini að njóta veitinganna með þér.

High Tea er framreitt á VOX bar
alla daga kl. 14-18.

V O X
RESTAURANT/BISTRO

VOX Restaurant
18.30 - 22.30
Opið þri. - lau.

VOX Bistro
11.30 - 22.30
Opið alla vikuna

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 50 50



Valdimar Einar Valdimarsson, þjónn á VOX, vill að þú njótir hvernar mínútu á staðnum þar sem hann hlaut sitt faglega uppeldi. Hann er stoltur af starfi sínu og uppfyllir óskir þínar með mestu ánægju.



SMÁRAGARÐUR

Smáragarður er eitt af stærstu fasteignafélögum landsins. Það á og rekur um 100.000 m² húsnæðis víða um land. Starfsemi félagsins felst aðallega í þróun lóða, rekstri fasteigna og umsjón með byggingum og byggingaframtækjum. Í dag er Smáragarður með í byggingu um 62.500 m² af húsnæði.

www.smaragardur.is

BYKO GRANDI

GLÆSILEG VERSLUN! TIL HAMINGJU

Óskum BYKO til hamingju með nýja og glæsilega verslun á Granda



Markaðspróun á vettvangi opinn kynningarfundur

Rannís, Háskólinn í Reykjavík og Vinnova nýsköpunarmiðstöð í Svíþjóð bjóða til kynningarfundar um **markaðspróun á vettvangi** (Living lab) í Háskólanum í Reykjavík **þriðjudaginn 29. apríl kl. 8:00 til 9:00**. Húsið opnar kl 7:45.

Fundurinn verður haldinn á 3. hæð Háskólans í Reykjavík við Ofanleiti

Léttur morgunverður

Setning fundar
Rögnvaldur Sæmundsson Háskólanum í Reykjavík

Reynsla Svía af markaðspróun á vettvangi
Alexander Nilsson, Vinnova

Hvers vegna nota fyrirtæki markaðspróun á vettvangi?
Pernilla Reydmann, Vinnova

Geta íslensk fyrirtæki nýtt sér markaðspróun á vettvangi?
Anna María Pétursdóttir, Vífilfell

Umræður og fyrirspurnir

Markaðspróun á vettvangi er samstarf framleiðanda við væntanlega kaupendur vöru eða þjónustu. Framleiðandi leitar til fjölda einstaklinga á markaðssvæði sínu með ósk um ábendingar og ráð varðandi hönnun og viðmót vöru eða þjónustu. Framleiðandinn þarf að skilja skoðanir og skilaboð markaðarins til að auka líkurnar á að afurðin falli kaupendum í geð. Margskonar fyrirtæki og stofnanir nota þessa aðferð og eru hugbúnaðarfyrirtæki þar í sérflokk.

Fjöldi slíkra verkefna eru rekin á Norðurlöndum og í Evrópu.

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.
Vinsamlega tilkynnið komu á fundinn til Rannís í síma 515 5800 eða með tölvupósti rannis@rannis.is



RANNÍS

Rannís
Rannsóknamiðstöð Íslands
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
www.rannis.is

Ný landamæragæslutækni í Bretlandi:

Skanna ferðamenn

BRETLAND, AP Bresk landamæragæslufyrirvöld áforma að gera tilraunir með sjálfvirka andlitsauðkenningartækni á flugvöllum í landinu í sumar. Markmiðið með tilraununum er að kanna hvort með þessari nýju tækni megi efla öryggi og draga úr örtröð við landamæraeftirlit.

Í The Guardian var greint frá því að breskir og evrópskir ferðamenn með vegabréf sem innihaldi lífkenni geti notað þetta nýja kerfi. Í því verða mannlús hlið búin tölvubúnaði sem tekur myndir af andliti viðkomandi og ber saman við gagnagrunn. Sumir sérfræðingar eru efins um að tæknin sé



ÆTLAÐ AÐ FLÝTA FYRIR Við nýja kerfið eru bundnar vonir um auknið öryggi og minni örtröð.

FRÉTTABLAÐID/AP

nægilega þróuð til að vera beitt í stórum stíl.

- aa



ÞÖRF Á MÓTVÆGISAÐGERÐUM Mengun mælist oftar yfir heilsuverndarmörkum á gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar en við Grensásveg þar sem mengun hefur mælst einna mest í borginni.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN KARLSSON

Götum lokað vegna svifryks og útblásturs

Mengun vegna útblásturs og svifryks er meiri á gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar en á Grensásvegi. Umhverfisnefnd Reykjavíkur telur þörf á mótvægisáðgerðum. Til dæmis að loka götum.

UMHVERFISMÁL Mengun er mest á gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar, samkvæmt mælingum sem gerðar voru á þessum stað á tímabilinu 7. desember 2007 til 16. janúar 2008. Mengunin þar er meiri en í mælistöð Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar við Grensásveg sem hefur verið talinn einn mengaðasti staður borgarinnar. Mengunin er svo mikil að mótvægisáðgerða er þörf.



ANNA RÓSA BÖLDVARSDÓTTIR

Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs, útblásturs frá bílum, og svifryks var mældur í farstöð sem komið var fyrir á gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar á tímabilinu 7. desember til 16. janúar. Mælingarnar leiddu í ljós að styrkur útblásturs á hverja klukkustund var átta sinnum yfir heilsuverndarmörkum og styrkur svifryks var fimm sinnum yfir heilsuverndarmörkum á sólarhring.

Anna Rósa Böldvarsdóttir heilbrigðisfulltrúi segir að mengunin hafi komið á óvart, hún mælist meiri en við Grensásstöðina. „Þarna förum við oftar yfir heilsuverndarmörk heldur en við Grensásveginn,“ segir hún, „en

við höfum áhuga á að mæla aftur, til dæmis í sumar og skoða hvernig ástandið er þá.“

Umferðin er minni á mótum Miklubrautar og Stakkahlíðar en við Grensásveg. Um Miklubraut og Stakkahlíð fara um 47 þúsund bílar á sólarhring en um gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar fara um 70 þúsund bílar. Samt mælist mengunin meiri.

Í skýrslu sem lögð hefur verið fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkur kemur fram að skýringin geti að hluta til verið sú að mengun berist lengra að, til dæmis frá gatnamótum Krínglumýrarbrautar og Miklubrautar. Talið er að fleiri mælingar geti gefið skýrari mynd af menguninni auk þess sem mælingar á fleiri stöðum, til dæmis við gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar, hjálpi til.

Umhverfis- og samgöngusvið telur að mótvægisáðgerða sé þörf við Miklubraut og vill að frekari mælingar verði gerðar til að meta hvað henti best. Raunhæfar áðgerðir séu brýnar, til dæmis að draga úr umferðarhraða, minnka bílaumferð, loka götum tíma-bundið, taka toll til að minnka umferð, takmarka þungaumferð og útiloka bíla sem menga mikið á ákveðnum stöðum.

Lítið er vitað um áhrif mengunar á heilsu almennings hér. Borgaryfirvöld eru því í samstarfi við LSH og Háskóla Íslands.

ghs@frettabladid.is

MEISTARANÁM VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild HR býður meistaranám í

- Byggingarverkfræði
- Framkvæmdastjórnun
- Umferðar- og skipulagsfræðum
- Steinsteyputækni
- Mannvirkjahönnun
- Fjármálaverkfræði
- Véla- og rafmagnsverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Líf- og heilbrigðisvísindum
- Ákvarðanaverkfræði

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa lokið BSc-prófi í verkfræði eða tæknifræði með góðum árangri. Nemendur sem hafa annan bakgrunn úr BSc-námi sínu geta útskrifast með meistara-próf á tilteknum sérsviðum verkfræðinnar, s.s. meistara-próf í framkvæmdastjórnun, umferðar- og skipulagsfræðum, heilbrigðisvísindum o.fl.


Umsóknarfrestur er til 30. apríl
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR



NÝJA | 26. MAÍ
LAUGARDALSHÖLLIN

Stórtónleikar



EKKI VOGA ÞÉR AÐ MISSA AF ÞESSU!



10% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi



Forsala aðgöngumiða á www.midi.is og öllum afgreiðslustöðum Miða.is

midi.is

Þægindi um land allt

Verið velkomin í **Útilegumanninn, Fosshálsi 5-9** um helgina frá **kl. 12-16**. Við sýnum ykkur hjólhýsin, fellihýsin, pallhýsin og bátana okkar fyrir sumarið 2008.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum upphaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur - **en útsýnið er aldrei eins.**

Opið frá
12-16
í dag



ENNEMM / SÍA / NM32701

Polar hjólhýsin

Sænsku Polar hjólhýsin eru sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir. Í öllum hjólhýsunum er **Alde 3010** lokað vatnshitakerfi, sem samanstendur af hita í gólfi og ofnum undir öllum gluggum.

Hýsin koma með galvaniseraðri grind, 150w sólarrafhlöðu, bakkskynjara, útdraganlegum kojum yfir hjónarúmi og tempur dýnum.

Engin hjólhýsi hérlendis eru jafn hlaðin staðalbúnaði.



Rockwood fellihýsin

Þessi fellihýsi eru glæsileg og sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum. Með evrópskum þrýstibremsum og galvaniseraðri grind.

Hýsin koma með einstaklega hljóðlátri Truma combi 4 miðstöð, breiðu nefhjólí og ísskáp.

Öll fellihýsi frá Rockwood eru hlaðin staðalbúnaði.



Bátar í úrvali

Nú um helgina, **26. -27. apríl** tekur Útilegumaðurinn í notkun 500 fermetra glæsilegan bátasýningarsal og mun bjóða upp á eftirtalda báta:

Galeon skemmtibáta, Regal og ChrisCraft hraðbáta, Galía og Karnic sport- & veiðibáta.

Einnig mun Útilegumaðurinn bjóða utanborðsmótora frá heimspekkum framleiðendum og Tíki- Treiler bátavagna.



Allt **til ferðalagsins**



Útilegu
maðurinn®

Fosshálsi 5-9 • Sími 551 5600 • www.utilegumadurinn.is



**Komdu
nordur!**



Matur



Verslun



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði - munið bílastæðaklukkurnar.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

Staðfesting á því að menntastefna okkar skilar árangri

Íslensku skólarnir í Malaví koma vel út í nýrri skýrslu. Gunnar Salvarsson talaði við **Stellu Samúelsdóttur**, verkefnastjóra Próunarsamvinnustofu Íslands í Malaví um þá sjö grunnskóla sem hafa verið byggðir fyrir íslenskt fé þar úti.

Þegar sést svart á hvítu að árangurinn af starfi okkar er að skila sér getur maður ekki verið annað en ánægður,“ segir Stella Samúelsdóttir, verkefnastjóri Próunarsamvinnustofnunar Íslands í félagslegum verkefnum í Malaví. Staðfest er í nýrri skýrslu frá héraðsfirvöldum í Mangochi að samstarf ÞSSÍ við skólayfirvöld í héraðinu gefi góða raun. Samstarfið hefur skilað sér í betri menntun, aukinni skólasókn og fleiri kennurum á Monkey Bay-svæðinu, þar sem ÞSSÍ hefur látið mest að sér kveða, en á öðrum svæðum í héraðinu.

„Við höfum reynt að mæta óskum heimamanna um hvernig skólarnir eru byggðir. Þeim er skilað fullbúnum með öllu sem til þarf í þeirra hendur,“ segir Stella þegar hún er spurð um hvað búi að baki þessum góða árangri. Hún útskýrir að fullbúnum skólum fylgi kennarahúsnæði, sem laði að góða kennara. Einnig sé leitast við að mæta þörfum stúlkna við gerð hreinlætisaðstöðu. „Það er algengt að stúlkur veigri sér við að sækja skóla þar sem salernisaðstaða er ekki sem skyldi. Við höfum lagt metnað okkar í að yfirvinna þá hindrun enda hallar talsvert á stúlkur í skólakerfinu. Það er keppikefli skólayfirvalda að breyta því,“ segir Stella.

Helmingsfjölgun nemenda

Mangochi-héraði við suðurenda Malavívatns er skipt upp í sautján svæði og þar eru 241 grunnskóli og 43 framhaldsskólar. Íbúar héraðsins eru tæplega 800 þúsund. Skýrsla menntayfirvalda í héraðinu felur bæði í sér mat á núverandi aðstöðum og markmið í menntamálu fram til ársins 2012. Nemendum í grunnskólum Malaví fjölgaði um helming árið 2004 þegar stjórnvöld þarlendis ákváðu að grunntentun yrði ókeypis. Síðan þá hafa stjórnvöld í samvinnu við margar próunarsamvinnustofnanir og alþjóðleg samtök reynt að bregðast við þessari skyndilegu fjölgun nemenda með því að bæta við kennslustofum, reisa nýja skóla, fjölga kennurum og treysta kennaramenntun í landinu.

Próunarsamvinnustofnun Íslands hefur stutt héraðsstjórnina í Mangochi í þessu átaki og byggt nýja skóla og endurbætt aðra. Alls hafa sjö grunnskólar verið byggðir fyrir íslenskt fé á Monkey Bay-svæðinu.

„Skólasóknin er hvergi betri í héraðinu en í Monkey Bay og skýrslan sýnir að kennarar eru flestir starfandi á þessu svæði,“ segir Stella. „Kennarar berjast um að fá að kenna í skólum þar sem eru kennarabústaðir og krakkarnir sækja skóla þegar vel er staðið að skólahlaldi.“

Er einhver verulegur munur á verklagi ykkar og annarra sem styðja við skólamálin í Malaví?



„Við höfum unnið í Monkey Bay árum saman og samstarfið við yfirvöld héraðsins er gott og stendur traustum fótum. Við hlustum á tillögum frá heima-fólki og þær verða æ metnaðarfullri, sem er bara ánægjulegt. Til dæmis erum við farin að taka tillit til þarfa fatlaðs fólks og aðgengis þeirra, sem er nýbreytni. Kannski liggur okkar styrkur umfram ýmsa aðra í því að við þekkjum orðið þarfirnar og óskirnar og hlustum á,“ segir Stella.

Hún bendir á að í próunarsamvinnu sé sífellt verið að læra af reynslunni. Nú sé almennt viðurkennt að lítið stöði að byggja skóla þar sem allt er skorið við nögl. Það geri lítið gagn því þegar þröngt sé um börnin í skólunum og þegar aðstæður eru lélegar séu kennarar illfánlegir. Þar sem kennaraskortur sé viðvarandi fái enginn til að kenna við skóla sem hafa ekki upp á neitt að bjóða, hvorki aðstöðu til kennslu né kennarahús. Það sem við höfum lært er að horfa á heildarmyndina. Annars kemur aðstöðin engum til góða.“

„Ég sá einn skóla um daginn í Mangochi sem í voru 800 börn, tvær skólastofur og tveir kennarar. Börnin komu aðeins í skólann til að borða því Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna er með skólamáltíðir þarna. Svona úrræði skilar engu í menntun barnanna og ekki við miklu að búast við slík skilyrði. Bætt aðstaða hvetur fleiri til kennarnáms og ekki veitir af. Í því sambandi ber að nefna að alnæmi er afar útbreitt í Malaví og það heggur einmitt stór skörð í menntastéttir landsins. Í Mangochi-héraði einu falla frá þrjú kennarar á mánuði, flestir á besta aldri.“

Áttundi grunnskólinn í byggingu

Próunarsamvinnustofnun lét byggja fyrsta skólann í Monkey Bay árið 1995 en undanfarnir ár hefur fjármagn til málaflokksins aukist mikið. Að sögn Stellu eru nú hafnar byggingaframskiptir við áttunda grunnskólann. „Þetta eru allt fullbúnir skólar, yfirleitt með átta skólastofum, þ.e. einni stofu fyrir hvern árgang, stjórnunarbyggingu og bókasafni, salernum, brunni, kennarahúsum og skólahúsgögnum. Einnig höfum við látið gera upp tólf grunnskóla, byggt við þá og keypt skólahúsgögn. Auk þess hefur verið byggður einn fullbúinn framhaldsskóli og annar gerður upp,“ segir Stella.

Stjórn Próunarsamvinnustofnunar hefur að sögn Stellu sýnt þessum verkefnum mikinn áhuga og hún nefnir að í undirbúningi sé gerð nýrrar vinnuáætlunar fyrir grunnskólana. „Einnig erum við að vinna að því að leggja fyrir stjórn ÞSSÍ í fyrsta sinn vinnuskjal um byggingu framhaldsskóla og uppbyggingu þeirra, en aðeins 7,7 prósent nemenda fara í framhaldsskóla. Samkvæmt báðum þessum skjölum verða miklar breytingar og nýjar áherslur sem þarf að taka tillit til ef markmið héraðsins og Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eiga að nást.“

Fulltrúar Próunarsamvinnustofnunar í Malaví sjá um útboð á verkum þegar skólar eru byggðir eða endurbættir, þeir ráða verktaka og annast eftirlit með framkvæmdum. Einnig er af hálfu ÞSSÍ lögð mikil áhersla á stuðning við innra starf skólanna. Íslendingar hafa til dæmis styrkt þjálfun 300 leiðbeinenda sem kenna í skólunum og styrkja enn fremur verkefni á vegum menntamálayfirvalda í héraðinu, sem hefur það markmið að vekja athygli á mikilvægi skólagöngu og menntun, ekki síst með það fyrir augum að draga úr brottfalli nemenda.

STELLA SAMÚELSDÓTTIR Verkefnastjóri Próunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví.



ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA í nýrri skýrslu frá skólayfirvöldum í Mangochi hefur skólastarfið skilað sér í betri menntun og aukinni skólasókn. MYND/STEFÁN KRISTMANNSSON

”

Ég sá einn skóla um daginn í Mangochi sem í voru 800 börn, tvær skólastofur og tveir kennarar. Börnin komu aðeins í skólann til að borða því Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna er með skólamáltíð þarna.



Í SKÓLANUM Börnin í Monkey Bay eru duglegri að sækja skólann en börn í öðrum héruðum.



Í MALAVÍ Grunnskólamenntun í Malaví er nú ókeypis.



MEÐ BYGGINGAMEISTARANAUM Stella sést hér ásamt Gondwe byggingameistara eins af skólum ÞSSÍ.



ÞEIR ERU ORÐNIR
BRJÁLADIR!!!!!!



TÖLVUMARKAÐUR SKEIFUNNI 17

FARTÖLVUR OG BORDTÖLVUR

SÍÐASTI DAGURINN!!!

OPIÐ Í DAG! KL. 11-18

NYTT OG NOTAÐ!!

BT LÁN TIL ALLT AÐ 59 MÁNAÐA!

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

TOSHIBA

MEDION®

GEGGJUD VERÐ!!!

EITTHVAÐ FYRIR ALLA!

acer

Barist um flugvöll í miðri borg

Tempelhof-flugvöllur var lagður árið 1923 og hefur þjónað Zeppelin-förum, nasistum og bandamönnum. Flugstöðina byggðu byggingameistarar Þriðja ríkisins en þekktastur er völlurinn fyrir loftbrúna, sem hélt Vestur-Berlín vestan járnjalds í kalda stríðinu. Berlínarbúar kjósa um þennan sögufræga völl í dag. *Klemens Ólafur Prastarson* ræddi við talsmenn stríðandi fylkinga.

Um alla Berlínarborg hanga uppi auglýsingar sem hvetja borgarbúa til að svara annaðhvort nei eða já við spurningunni hvort flugrekstri á hinum fornfræga Tempelhof-velli skuli haldið áfram.

Borgarstjórnin ákvað fyrir margt löngu að honum skyldi lokað enda vill hún byggja nýjan risavaxinn flugvöll á grunni hins austur-þýska Schönefeld-vallar, sem er fyrir utan borgina. Ekki þykir henni heldur amalegt að fá eina 360 hektara í miðborginni til ráðstöfunar, þótt oframboð af landrými sé reyndar í borginni.

Klaus Wowereit borgarmeistari segir Tempelhof dýran í taprekstri sínum og hann taki spón úr aski hugsanlegra fjárfesta nýja vallarins. Völlunum er þannig stillt upp hvorum á móti öðrum.

Berlínarbúar ákveða í dag hvort krefjast skuli að borgarstjórn endurskoði hug sinn, í sérstakri kosningu sem er haldin að kröfu þeirra sem vilja að hætt verði við allt saman og vellinum haldið opnum.

Grænt lungu eða gulrót?

Flugvallarsinum má með mikilli einföldun lýsa sem íhaldsmönnum sem vilja halda stóru borgarsvæði fyrir afmarkaðan en afar mikilvægan hóp flugfarþega; fyrir stjórnendur fyrirtækja, stjórnáamenn og þá sem ferðast með einkaflugi.

Vinir vallarins telja ómetanlegt fyrir borg, sem missti mörg stórfyrirtæki til annarra borga í kalda stríðinu, að hafa slíka gulrót fyrir stjórnendurna. Þá sýni rannsóknir að mengun frá honum og hávaði sé hverfandi. Það sé og vilji flestra að völlurinn standi, líkt og skoðanakannanir gefa til kynna.

Hinir, sem vilja völlinn feigan, eru – aftur ofureinföldun – á vinstri kanti stjórnmalanna og umhverfisþenkjandi. Þeir eru sagðir blindir fyrir þeim tækifærum sem felast í flugvelli í hjarta borgarinnar. Þessir andstæðingar flugvallarins telja sig hafa einstakt tækifæri til að búa til grænt borgarlunga á besta stað í bænum. Í stað mengandi flugvallar, sem er hálfómur alla daga, komi almenningsgarður, íbúðir og lítil fram-sækni fyrirtæki.

Dýrmætar minningar

Deilan um Tempelhof nær alla leið upp í ríkisstjórn landsins. Angela Merkel kanslari – og pólitískur andstæðingur borgarstjórnar – tjáði sig um málið fyrir stuttu og hvatti fólk til að treysta völlinn í sessi.

„Flugvöllurinn og loftbrúin eru minnismerki um sögu

borgarinnar,“ sagði hún opinberlega og vísaði til þess þegar Sovétmenn lokuðu vegum til Vestur-Berlínar og læstu borgina inni í Austur-Þýskalandi um fimmtán mánaða skeið 1948 og 1949.

Tempelhof-völlur var þá lífæð borgarinnar og gerði bandamönnum auðið að koma vístum til borgarbúa. Þeir lentu 277 þúsund sinnum á Tempelhof-velli, eða allt að tvisvar á mínútu, með matvæli og aðrar nauðsynjar. Þetta er ástæða þess að mörgum Berlínarbúum, sérstaklega eldri borgurum, þykir svo vænt um völlinn.

En þeir sem vilja flugreksturinn burt benda á að völlurinn vekti einnig upp slæmar minningar og sé afar óhagkvæmur. Adolf Hitler lét jú teikna bygginguna, sem ku vera stærsta hús Evrópu. Það er svo stórt að í kjallaranum var eitt sinn flugvélaverksmiðja. Það kostar sitt að halda slotinu við.

Meirihluti vill völlinn áfram

Það væri víst með góðum vilja hægt að koma fyrir rúmlega 500 fótoltaleikvöngum á þessum 360 hekturum sem fara undir völlinn. Eða einhverju öðru. Og nú til dags fengist aldrei leyfi til að byggja svona nokkuð í miðri borg, segir Tilmann Heuser, sem er yfirmaður umhverfis- og náttúruverndarsamtakanna BUND í Berlín. En þau standa að baki herferðinni gegn Tempelhof.

„Flugvöllur sem er svo nálægt íbúnum tilheyrir fortíðinni. Það þekktist vart á byggðu bóli að fimmtíu til hundrað metrar séu milli ytri marka flugvallar og íbúasvæða,“ segir hann.

Til að ákvörðun yfirvalda um að leggja völlinn niður verði endurskoðuð þurfa um 611.000 stuðningsmenn vallarins, fjórðungur þeirra 2,44 milljóna sem eru á kjörskrá, að mæta á kjörstað og greiða því atkvæði. Heuser vonast til þess að þetta gangi ekki eftir, en játar því aðspurður að skoðanakannanir gefi því miður til kynna að meirihluti Berlínarbúa vilji halda flugvellinum opnum.

„En mikilvægasta kónunin sýndi að 37 prósent íbúa vilja þó loka honum. Og við vonum að við náum að sannfæra fleiri fyrir sunnudaginn,“ sagði hann á fimmtudag.

Heuser segist undrast afskipti kanslarans. Erfitt sé að átta sig á því hvað ríkisstjórninni gangi til. Hún hafi hingað til látið eins og hún styddi að Tempelhof yrði lokað í þágu hins nýja Schönefeld-vallar.

„Þau virðast ekki hafa neina skýra sýn á framtíð vallarins. Ég skil ummæli kanslarans nú helst sem pólitíska stuðningsyfirlýsingu hennar við flokkssystemi sín

”

Þetta hefur verið flugvöllur í áttatíu ár og þarna hefur verið athafnasvæði hersins. Jarðvegurinn er því án efa mengaður.

M. PREIRA
FLUGVALLARSINNI



ÁRÓÐURINN ALLTUMLYKJANDI Höfðað er til lýðræðiskenndar almennings og honum uppálagt að láta ekki borgarstjórnann vaða yfir sig eða að samþykkja ekki einhvern VIP-flugvöll á kostnað almenningsgarðs. Kostnaður við þessar herferðir var metinn á allt að 300 milljónir króna um miðjan mánuðinn og hefur hækkað síðan.


NORDICPHOTOS/AFP

CLAUS SCHENK GRAF VON STAUFFENBERG-AIRPORT?

Stjórnmalamenn Berlínar hafa velt vöngum yfir því hvað nýi Schönefeld-völlurinn, sem tekur við af Tempelhof og Tegel-velli, skuli heita. Verkheiti hans er BBI: Berlin-Brandenburg



MARLENE DIETRICH



ALBERT EINSTEIN

nafnið á flugvelli.

Jafnaðarmenn hafa síðan stungið upp á gömlu hetjunni sinni, honum Willy Brandt, en hann var borgarstjóri Vestur-Berlínar og síðar kanslari Vestur-Þýskalands. Upplagt að nefna völlinn eftir honum, segja kratar, en kristilegum demókrötum hugnast víst betur að heiðra vísindamanninn Albert Einstein, söngkonuna Marlene Dietrich, nú eða bara fyrrnefndan Stauffenberg.

Vinstri mönnum datt þá í hug að nefna völlinn eftir þekktasta leikskáldi borgarinnar og kalla hann Berthold Brecht International. Þá héldist líka núverandi skammstöfun: BBI.

HEIMILD: DER SPIEGEL

”

Það þekktist vart á byggðu bóli að fimmtíu til hundrað metrar séu milli ytri marka flugvallar og íbúasvæða.“

T. HEUSER
ANDSTÆÐINGUR FLUGVALLARINS



í CDU í Berlín, sem berjast fyrir því að völlurinn verði áfram,“ segir hann.

Borgarstjórnin nótur

Malte Pereira, fjölmiðlafulltrúi ICAT, áhugahópsins sem berst fyrir áframhaldandi flugrekstri, er talsvert bjartsýnni á niðurstöðu

kosninganna. En fyrir nokkrum árum þótti barátta hans vonlaus.

Vellinum var hafnað út um allt stjórnkerfi ár eftir ár en flugvallarsinnar gáfust ekki upp og áfrýjuðu sífellt. ICAT var upphaflega stofnað af litlum flugfélögum og viðskiptamönnum. Það hefur náð góðum árangri.

„Já, síðustu mánuði hafa skoðanakannanir sýnt ótvírátt að meirihlutinn vill halda vellinum á sínum stað. Þetta eru svona 65 og allt upp í 73 prósent aðspurða. Þannig að við höfum prýðilega möguleika,“ segir Pereira.

Spurður hvort ekki sé á brattann að sækja, með borgarstjórn

ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

MAÍ 2008

DRAUMAHELGI Í BARCELONA

BORGIN MATREIDD AÐ
HÆTTI AUÐAR JÓNSDÓTTUR

VEISLA FYRIR AUGUN Í KÖBEN

ÞRÍR DAGAR TILEINKAÐIR
ARKITEKTÚR OG HÖNNUN Í MAÍ

FRAMTÍÐAR- BORGIR

NÚTÍMALEGUR ARKITEKTÚR UM ALLA VERÖLD

GOLF OG MATUR Á NOVA SCOTIA, FRUMLEGT GISTIHEIMILI Í SLÓVENÍU, NEW YORK-BORG
EDDU PÉTURSDÓTTUR FYRIRSÆTU OG SÓL OG SUMAR Á STRÖNDUM MIÐJARÐARHAFS

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

FORSKOT Á SUMAR- IÐ

Anna Margrét Björnsson skrifar

Það er óneitanlega vor í lofti. En maímánuður boðar sumar í flestum öðrum hlutum Evrópu, dásamlegur mánuður þar sem ekki er orðið of heitt í veðri en sólin oftast komin hátt á heiðskíran himinn. Maí er tilvalinn til að skella sér í langa helgarferð og njóta blíðunnar í erlendum borgum, spóka sig og njóta þess að skoða söfn, byggingar og aðra túristastaði áður en ferðamannastraumurinn flæðir um. Borgir eins og París, London og Barcelona íða af mannlífi í maí, og þá getur verið yndislegt að setjast á kaffihús eða njóta lystigarðanna áður en þetta heitasta sumar Evrópu á að skella á. Í þessu tölublaði skoðum við meðal annars byggingarlist nútímans en það er alltaf afskaplega skemmtilegt að uppgötva tíðaranda og stemningu borga í gegnum arkitektúr hennar. Menningarstofnanir ýmiss konar hafa oft verið leikvöllur arkitekta og ein frægasta bygging heims er til dæmis Óperuhúsið í Sídney. Bæði Ósló og Kaupmannahöfn skarta nú einkar vel heppnuðum óperuhúsum og það verður gaman að sjá hvernig okkar eigið tónlistarhús í hjarta Reykjavíkur mun koma til með að lukkast. Forvitnir ættu því endilega að kíkja til Köben nú í maí (sjá annars staðar á þessari síðu) til þess að upplifa sérstaka daga tileinkaða arkitektúr nútímans þar í borg. Nú er líka síðasti séns að fara að panta sumarleyfið ef maður ætlar ekki að eyða björtustu mánuðunum hér heima.

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is

Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumynd Sony Center í Berlín, mynd Gettyimages

Pennar Júlía Margrét Alexandersdóttir

Ljósmyndir Fréttablaðið, Gregory Gerault

Auglýsingar Stefán P. Jones spj@365.is



Á heimasíðunni er að finna ótrúlegustu hluti, meðal annars lista yfir skemmtilegar hallir að skoða í Þýskalandi. Þessi er vafalaust sú frægasta: Höllin í Neuschwanstein.

GLÆSILEG HEIMASÍÐA FYRIR ÞÝSKALANDSFARA

Það er vert að minnast á frábært framtak Þýska ferðamálaráðsins sem nú nýverið opnaði mjög aðgengilega og efnismikla heimasíðu, sem meðal annars má lesa á íslensku, um Þýskaland og allt er viðkemur ferðalögum þangað. Þar er að finna frábæra lista yfir allt frá dýragörðum, tónlistarviðburðum, reiðhjólaleigum, bílaleigum og yfir í hvar gott er að versla og finna fallegar gönguleiðir. Slóðin er www.tysklandsferdir.travel og hægt er að eyða drjúgum hluta úr degi í að skoða og skipuleggja komandi frí hvar sem er í Þýskalandi.



Dönsk hönnun Hringstigi í danska verkfræðingahúsinu.



Í hjarta miðborgarinnar Svarti demanturinn státar meðal annars af frábærum veitingastað.



Hafnarkúltúr Svarti demanturinn heitir nýi vægurinn á konunglega bókasafninu og er ein mest spennandi bygging Kaupmannahafnar um þessar mundir.

HÖNNUNARVEISLA Í KÖBEN

Þrjú dagar tileinkaðir danski hönnun og arkitektúr í maí

Danmörk er þekkt fyrir nútímahönnun og undanfarin ár hefur Kaupmannahöfn tekið töluverðum breytingum og skartar nýjum og glæsilegum arkitektúr. Viljir þú sökkva þér í undraheim danskrar hönnunar má alls ekki missa af Copenhagen Architecture + Design Days sem haldnir eru í þriðja sinn nú í maí, en þessir þrjú dagar eru fyrir alla sem hafa gaman af fallegri hönnun, arkitektúr og borgarskipulagi. Daga 16.-19. maí taka um 130 menningarstofnanir, einstaklingar og félög þátt í stórkostlegri hönnunarveislu þar sem almenningi gefst kostur á að heimsækja og fræðast um alls kyns byggingar og borgarsvæði. Þar er eitthvað fyrir alla og þar má til dæmis nefna leiðsögn um Radisson SAS hótelið sem Arne Jacobsen hannaði, nýjan arkitektúr við hafnarsvæðið, bátsferðir og hjólaferðir um ný hverfi, arkitektúr fyrir börn, kvikmyndir, sýningar og fyrirlestra. Einnig verður hægt að heimsækja hið nýja borgarleikhús Kaupmannahafnar og nýja óperuhúsið, en hvor tveggja þykja sérlega vel heppnaðar byggingar. Allir viðburðir eru gestum að kostnaðarlausu og dagskrána í heild sinni má finna á www.cphadd.com - *amb Copenhagen Architecture + Design Days 16.-19. maí 2008*



Nýr danskur arkitektúr Kaupmannahöfn státar nú af fjölda nútímalegra skrifstofubygginga sem leika sér að einfaldleika, ljósi og léttleika.



Stokkhólmur



Frankfurt Hahn



Varsjá



Barcelona



Eindhoven



Køben



Alicante

Gleðilegt ferðasumar

» Frankfurt Hahn, Berlín, Friedrichshafen, London, París, Billund, Kaupmannahöfn, Gautaborg, Stokkhólmur, Eindhoven, Basel, Barcelona, Alicante og Varsjá

Bókaðu núna á www.icelandexpress.is

**Bókaðu
núna!**

Iceland Express 
með ánægju

» Börn:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskipt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

FI026729



Billund



París



London



Gautaborg



Berlín



Basel



Friedrichshafen

MIÐBAUGUR ÞAÐ NÝJASTA Í... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

NÓTT Í FANGELSI

Hostel Celica í Ljubljana er ódýr og listræn reynsla

Hin nýja Evrópa er skemmtilegur og áhugaverður kostur til ferðalaga, og það er sannkallað ævintýri að uppgötva sjarma Eystrasaltslandanna sem virtust svo fjarri fyrir áratug. Hostel Celica er frægt gistiheimili í höfuðborg Slóveníu en það er fyrrverandi fangelsi sem breytt var í hippakommúnu á síðasta áratug. Fyrir örfáum árum var ákveðið að breyta byggingunni í gistiheimili, listamenn fengu allir einn klefa til þess að hanna eða skreyta eftir smekk og er því útkoman harla óvenjuleg. Sum herbergin eru enn eins og fangaklefar og önnur skarta skærum litum og málverkum. Nótt á gistiheimilinu veitir líka innsýn inn í hvernig það er að vera í raunverulegum fangaklefa því það eru enn rimlar fyrir gluggunum. Herbergin, eða klefarnir, eru fyrir tvo til fimm og eins og á farfuglaheimilum er sameiginlegt baðherbergi, eldhús og sjónvarpsherbergi. Hostel Celica er miðsvæðis í borginni og auðvelt að ganga þaðan í miðborgina eða á næstu lestarstöð. - amb



HVAÐ? HOSTEL CELICA, METELKOVA 8 SÍMI: +386 (1) 2309700

SIGLDU UPP ÁNA THAMES

Í maí er sólin komin hátt á loft í London og borgarbúar þyrpast að bökkum Thames-ár þar sem hægt er að njóta gönguferða, setjast á krá, skoða söfn eða slappa af í sólinni. Enn sniðugra er að skreppa í bátsferð og skoða sögufrægar byggingar, allt frá þinghúsinu upp í London Eye séð frá ánni. Fyrirtækið Get Afloat býður upp á allar bátsferðir á hálfvirði í maímánuði og hægt er að hoppa upp í hvar sem er á þeim 346 kílómetrum sem Thames-á spannar. Til dæmis er rakið að sigla upp til Windsor-kastala og sjá ögn af breskri sveitaskælu í leiðinni.



HEIMAMAÐURINN

► New York

EDDA PÉTURSDÓTTIR, FYRIRSÆTA

UPPÁHALDS VERSLUNAR-GATA/ HVERFIÐ? Mér finnst rosa gaman að röltu um Soho! Fullt af skemmtilegum búðum þar. Svo finnst mér oft gaman að versla í Williamsburg/ Brooklyn þar sem ég bý núna.

SKEMMTILEGASTA KAFFIHÚSIÐ TIL AÐ STOPPA Á? Gimme Coffee er sætur staður í Nolita! Hann er á Mott Street og selur bara kaffi, ekkert annað!

SVALASTI BARINN? Beatric er skemmtilegur. Hann er í West Village. Svo mæli ég líka með stað sem heitir Rose Bar en hann er í Gramercy Park Hotel.

HVERJU MÁ MAÐUR EKKI MISSA AF? Á sumrin er sko mikið um að vera í New York! en Ps1/Warm Up stendur alveg upp úr. Þetta eru viðburðir í samstarfi við MOMA-listasafnið sem er í Long Island City. Þarna spila hljómsveitir og plötusnúðar úti í garðinum frá kl 15-21 alla laugardaga og svo er auðvitað hægt að skoða skemmtileg listaverk innandyra.

BESTU VEITINGASTAÐIRNIR Í BORGinni? Það eru að sjálf-sögðu margir frábærir veitingastaðir hér en í upphaldi hjá mér eru Cafe Mogador, sem er fransk-marókkískur veitingastur þar sem allt er lífrænt og gott.

Hann er líka verulega kósý. Hinn staðurinn heitir Casamire en þar er mjög góður matur og hægt að sitja úti í garði á sumrin. Þessir staðir eru báðir í East Village þar sem ég bjó í nokkurn tíma.

NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN? Ég er nýbúin að uppgötva skemmtilegan stað til að fá sér kokteil á! The Metropolitan Museum of Art, betur þekkt sem MET, er með skemmtilegan þakgarð og þaðan er magnað útsýni yfir Central Park.

BESTI STAÐURINN FYRIR BÖRN? Hayden Planetarium er alltaf spennandi fyrir börn en þar er hægt að fræðast um himingeiminn. Svo er oft gaman að taka krakkana í Central Park, hann hefur upp á svo margt að bjóða, dýrargarð og margt fleira.

HVAÐ HEFUR KOMIÐ ÞÉR MEST Á ÓVART VIÐ NEW YORK? New York er alltaf að koma mér á óvart. Ég fæ aldrei nóg af því að búa hérna og samt er ég búin að vera hérna í fimm ár.

SKEMMTILEGASTA DAGSFERÐIN? Mér finnst rosa gaman að leigja mér bíl um helgar og skella mér á ströndina. Jones Beach er góð. Annars er gaman að röltu um bæinn, skella sér á listasöfn og flóamarkaði og svo framvegis.

Arkitektúr- og hönnunardagar í Kaupmannahöfn

Kynntu þér nýjustu straumana í dönskum og alþjóðlegum arkitektúr og hönnun - og njóttu danska vorsins!

Bókaðu núna!



Wonderful Copenhagen stendur fyrir arkitektúr- og hönnunardögum í Kaupmannahöfn, dagana 16.-18. maí. Í boði eru um 50 viðburðir, m.a. innlit á frægar arkitektastofur, party í metró-hjólageymslunni, kynning á götumennningarhúsinu StreetMekka og kynnisferð um nýja Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn. Ókypis er inn á viðburðina. Dagskrá er að finna á www.cphadd.com

Iceland Express 
með ánægju

Sjóðheitt sólarlottó!

Spilaðu með og láttu sólina leika við þig.

Verð frá:

39.900 kr.

Netverð á mann miðað við 2, 3 eða 4 í stúdíó, íbúð eða hótélherbergi.
Enginn barnaafsláttur. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar
og íslensk fararstjórn.

Í boði eru 200 sæti til Krítar, Marmaris, Mallorca og Costa Del Sol.
Þú velur áfangastaðinn og brottfarardaginn. Viku fyrir brottför
staðfestum við á hvaða gististað þú dvelur í sumarfríinu.
Gildir fyrir maí, júní og júlí. Ein vika eða tvær.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.
Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

UPPSKRIFT RITHÖFUNDARINS AÐ BARCELONA-HELGI



Auður Jónsdóttir rithöfundur hefur um nokkurra ára skeið búið og unnið í talsvert hlýrra loftslagi en við landar hennar eigum að venjast en í Barcelona hefur hún, ásamt fjölskyldu sinni, borðað Menú del Día, farið í jógatíma og keypt sér í matinn á dásamlegustu matarmörkuðum Evrópu. Ferðablaðið fékk Auði til að gera uppskrift að helgi í borginni.

FÖSTUDAGUR

Um ellefuleytið á virkum dögum dríf ég mig með manninum mínum yfir götuna í líkamsrækt. Á föstudögum er jóga en það er mjög vinsælt í Barcelona svo á hverju horni í gamla verkamanna-innflytjendahverfinu Raval, þar sem ég bý, hanga auglýsingar um jógakúrta og hugleiðslunámskeið.

Í Efra-Raval er jafnframt mikið af náttúrubúðum og matsölustöðum á þeirri línu og gaman að kaupa í matinn þar – en þaðan eru aðeins nokkur skref í fræga matarmarkaðinn Boqueria sem byrjar við Römblluna.

Á föstudagseftirmiðdögum kaupum við stundum í matinn á Boqueria-markaðnum eða á öðrum minni útímörkuðum – og þykjast þá vera miklir fagurkerar meðan við veljum kjöt og tómat. Á Boqueria er stórgaman að kaupa í matinn og tilvalið fyrir fólk að gera svo ef það hefur eldunaraðstöðu í borginni.

Föstudagskvöld eru yfirleitt rólegheitakvöld hjá okkur, stundum laumumst við jafnvel til að vinna eftir matinn, sérstaklega í sumarhitunum.

LAUGARDAGUR

Á laugardögum vöknum við snemma og förum í spinning hjá snarbrjáluðum Suður-Ameríkumanni sem pískar fólk áfram svo eftir tímann neyðist það hreinlega til að skjögna á ströndina og kæla sig í sjónum.

Léttmeti í eftirrétt.

Það er vinsæll síður hjá borgarbúum, ungum sem öldnum, að borða menú en bestu menú-



Spinning á laugardögum. Á laugardagsmorgnum fara þau hjón, Auður Jónsdóttir og Þórarinn Leifsson, í spinning og láta snarbrjáluðan Suður-Ameríkumann þræla sér út.

staðirnir eru fyrir utan helstu ferðamannasvæðin. Til að ramba á þá borgar sig að yfirgefa hringiðuna í miðbænum og kíkja frekar í útjaðra frægu, „trendí“-hverfanna (Gotneska hverfisins og El Born) eða ráfa um í Raval, sem lumar ennþá á gamalgrónum alþýðustöðum. Verðið hríðlækkar um leið og stigið er út úr mesta ferðamannakraðakinu.

Við borðum reyndar oft á menústað í ræktinni okkar og það er dæmigert fyrir andstæðurnar á Spáni að bæði þjónninn og kokkurinn keðjureykja og hafa sennilega bara séð líkamsræktarsali í bíó.

Eftir menúinn förum við inn að vinna í nokkra klukkutíma eða tökum ákvörðun um að gefa skít í allt, helst hætta við að skrifa bækur og fara í verkfræði. Til að jafna mig á þeirri hugmynd dreg ég manninn minn stundum með mér niður í Paralel-neðanjarðar-

stöðina sem er úti á næsta horni.

Á þessari stöð er hægt að taka toglest beint upp í fjall á nokkrum mínútum og stíga út beint fyrir framan Miró-safnið. Það er frábært safn og svo er líka rosalega gaman að ganga inn í garðinn við hliðina á því og krækja fyrir bakhlíðina, en þar eru miklir skrúðgarðar sem hafa einhvern veginn ratað út úr kastljósi ferðamanna. Skyndilega blasir við göngugörpum mikil glæsihöll sem hýsir í dag þjóðlistasafn Katalana.

Eitt það skemmtilegasta sem ég geri í Barcelona er einmitt að standa uppi á fjalli – annað hvort við Miró-safnið eða hinum megin við borgina í fjallshlíðinni, sem skartar Park Güell, og horfa á borgina glitra í sólinni og skipin mjakast áfram á tærbláum sjónum.

Gott er að fá kaffisopa við höllina áður en við göngum niður tröppurnar að Plaza de España og ráfum svo í áttina heim, fyrst eftir breiðgötum með litríkar verslanir en síðan taka við öngstræti gamla bæjarins.

Ef við erum í ham eða gestir í heimsókn er gjarnan farið út að borða á spænskum tíma á laugardagskvöldum, þ.e.a.s. eftir klukkan tíu á kvöldin. Úr æði mörgum stöðum er að velja í Barcelona.

Þegar margir fara saman út að borða hittist fólk fyrst á bar og fær sér tapas og drykk til að hita sig upp. Það gæti til dæmis verið á „Silfrinu“ (La Plata) í Mercè-götu



Borg full af möguleikum. Barcelona er orðinn einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga og helgarferðirnar þá sérstaklega vinsælar.

númer 28. Þar skolum við niður grilluðum sardínunum með víni hússins, yfirleitt standandi úti á götu því staðurinn er oft troðfullur.

En við gætum alveg eins farið á fótboltapasstaðinn Ramon við hliðina á Sant Antoni-markaðnum þar sem ölið er kneifað úr bæverskum krúsum og gömul amma býr til heimsins bestu kjötbollur.

Guð má vita hvar við endum í mat. Stundum er þjarkað um það nokkra stund en ef rándýrseðlið kemur upp í fólk endar það á El Paraguayo í Carrer del Parc þar sem eru suður-amerískar stórsteikur á boðstólum. Svo má líka fara í Hús snigilsins (Can Cargolet) á Comte Urgel en þar er boðið upp á ekta katalónskan mat. Á vel heppnuðu kvöldi er gjarnan fótboltaleikur í sjónvarpinu og drjúgur hluti gesta í Barca-bolum, tilbúinn að öskra í hvert skipti sem boltinn nálgast markið.

SUNNUDAGUR

Fullkominn sunnudagur hefst á

bókamarkaðnum í kringum Sant Antoni-markaðinn.

Það þýðir ekkert að sofa frameftir, mesta púðrið fer af bókamarkaðnum um tvöleytið.

Hér er hægt að fá margt af því sem hefur verið skrifað á spænskri og katalónskri tungu síðastliðin hundrað ár eða svo. Hvort sem það er glæný skáldsaga eftir höfund Skugga vindanna eða klámmynda sögur um tvítóla leðurmenn frá tímabilum rétt eftir dauða einræðisherrans Franco.

Ef við höfum ekki nennt að fara út að borða kvöldið áður og þykjumst verðskulda dagamun, þá er tilvalið að borða spænskan dagsmenú eftir hádegi niðri á Barceloneta, gamla strandhverfinu með sína sjóræningjalegu innviði. Nú nálgumst við hjarta ferðamannið aðarins og verðum að fara varlega meðan skimað er eftir stað sem lætur lítið yfir sér.

Borðum loks þríréttað fyrir sextán evrur samanlagt áður en við dröttumst niður á strönd og leggjumst í sandinn.



Markaðir á markaðir ofan í borginni er vart þverfótað fyrir skemmtilegum mörkuðum og á föstudögum fer fjölskyldan gjarnan á matarmarkaði og elda heima í rólegheitum.

www.ultimathule.is
Spennandi ferðir um allan heim





ISLENSKA SIA.S ICS 02128 00/08

ÞÆGILEG STUND FYRIR FLUGTAK

Nýr og glæsilegur bar í Leifsstöð, Panaroma Bar, með útsýni yfir flugbrautirnar. Fátt er notalegra en að hefja ferðina með ljúfri hressingu í fallegu umhverfi.

ÞJÓNUSTA VIÐ HÓPA

Byrjaðu ferðina eftirminnilega og smalaðu hópnum saman fyrir flug. Veitingar tilbúnar þegar þið mætið í flugstöðina.

+ Nánari upplýsingar á www.igsveitingar.is



FRAMTÍÐARBORGIR


Ferðalög um tímann hafa verið mörgum skáldum og kvikmyndagerðarmönnum yrkisefni og er skáldsaga H. G. Wells um Tímavélina sjálfsagt frægasta dæmið. Ef Wells, sem skrifaði bókina í lok 19. aldar, hefði farið fram til ársins 2008 hefði hann ekki orðið fyrir vonbrigðum, því margar borgir samtímans skarta stórfenglegri og framtíðarlegri hönnun sem ætti vel heima í hvaða vísindaskáldsögu sem er. Ferðalög skoðaði nokkrar frægar byggingar.



Shanghai Jin Mao byggingin er ein hæsta bygging heims, hönnuð af arkitektunum Skirmore Owings & Merrill. Hún er teiknuð eins og tölustafurinn átta.



Valencia Bakhlið óperuhúss Sofiu drottningar í Valencia..



Valencia Óperan El Paulau de les Arts Reina Sofia eftir arkitektinn Santiago Calatrav.



Marsbúarnir lentir? Þrifætlingar við Guggenheim-safnið í Bilbao eftir arkitektinn Frank Gehry..

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?
MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

S. 512 5441 hrannar@365.is
S. 512 5426 vip@365.is

Sölustjóri / Sölumaður

Ört vaxandi útvarpsstöð fyrir ungt fólk óskar eftir að ráða metnaðarfullt og hresst fólk til starfa í söludeild.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð og traust framkoma

Allar nánari upplýsingar veitir Hörður Ingi í síma: 863-4183 eða hordur.thorbjornsson@gmail.com

Ráðningarþjónusta

Meiraprófsbílstjóri

Eitt stærsta sölu- og markaðsfyrirtæki landsins óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í full starf.

Starfið felst í akstri á vörum til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnutími er frá kl. 07.30 - 17.00 mánudaga til föstudaga.

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvisi og metnaður
- Viðkomandi þarf að hafa meirapróf eða gamla ökuþrófið sem veitir réttindi á allt að 5 tonna farm

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Ráðningarþjónusta

Vélgreinamenntaðir starfsmenn

Vegna aukinna umsvifa leitar öflugt og rótgróið fyrirtæki á sviði vélþjónustu að vélgreinamenntuðum starfsmönnum.

Fyrirtækið sinnir fjölbreyttum verkefnum á sviði vélhönnunar og smíði ásamt þjónustu- og viðhaldsverkefnum innanlands og erlendis.

Um er að ræða störf við nýsmíði, almennt viðhald og viðgerðir.

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði vélvirkjunar, vélstjórnunar, bifvélavirkjunar eða rennismíði

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tókum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Bregðumst fljótt við

Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



Hulda Helgadóttir



Sigurborg Þórarinsdóttir



Kristín Hallgrímsdóttir



Jón Ragnarsson



HH

RÁÐGJÖF

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Héðinn hf. er rótgróð málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með viðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkomnum vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaástaða er góð og mótuneyti er á staðnum.

VÉLVIRKJAR/VÉLSTJÓRAR

Héðinn hf. óskar eftir að ráða vélvirkja og vélstjóra til starfa.

Við leitum að metnaðarfullum vélvirkjum og vélstjórum til framtíðarstarfa. Um fjölbreytt og áhugaverð verkefni er að ræða hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Vélvirki eða vélstjóri, nemandi í vélvirkjun koma til greina
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og óguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs.

Við stöðuveitingar í iðnaðaráðuneytinu eru jafnréttissjónarmið höfð í huga og hvetur ráðuneytið því konur jafnt sem karla til að sækja um auglýst störf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

LÖGFRÆÐINGUR Á SVIÐI ORKU- OG AUÐLINDAMÁLA

Íðnaðarráðuneytið óskar eftir að ráða lögfræðing í stöðu deildarsérfræðings á skrifstofu orkumála.

Ráðuneytið er áhugaverður og krefjandi vinnustaður, sem starfar í þremur skrifstofum; skrifstofu orkumála, ferðamála og nýsköpunar og þróunar, auk þjónustusviðs.

Undir skrifstofu orkumála falla auðlinda- og orkumál. Helstu verkefni skrifstofunnar eru undirbúningur stefnumótunar í ofangreindum málaflokkum, samráð og samskipti við stofnanir og hagsmunaaðila, úrskurðir, álitssgerðir, alþjóðleg samskipti og ráðgjöf til ráðherra.

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna skrifstofunnar, umsjón með framkvæmd laga, þátttöku í mótun og framkvæmd stefnu ráðuneytisins er lýtur að auðlinda- og orkumálum og þátttöku í alþjóðlegu starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking eða reynsla í ofangreindum málaflokkum er kostur
- Þekking eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum og Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri, gudjon.axel.gudjonsson@idn.stjr.is. Einnig bendum við á heimasíðu ráðuneytisins: <http://www.idnarraduneyti.is>. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs.

Við stöðuveitingar í iðnaðaráðuneytinu eru jafnréttissjónarmið höfð í huga og hvetur ráðuneytið því konur jafnt sem karla til að sækja um auglýst störf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

SÉRFRÆÐINGUR Í ORKUMÁLUM

Íðnaðarráðuneytið óskar eftir að ráða í stöðu deildarsérfræðings á skrifstofu orkumála.

Ráðuneytið er áhugaverður og krefjandi vinnustaður, sem starfar í þremur skrifstofum; skrifstofu orkumála, ferðamála og nýsköpunar og þróunar, auk þjónustusviðs.

Undir skrifstofu orkumála falla auðlinda- og orkumál. Helstu verkefni skrifstofunnar eru undirbúningur stefnumótunar í ofangreindum málaflokkum, samráð og samskipti við stofnanir og hagsmunaaðila, úrskurðir, álitssgerðir, alþjóðleg samskipti og ráðgjöf til ráðherra.

Starfið felst einkum í þátttöku í mótun og framkvæmd stefnu ráðuneytisins er lýtur að auðlinda- og orkumálum, málefnum raforkumarkaðarins, undirbúningi og útgáfu leyfa til olíuleitar við Ísland og þátttöku í alþjóðlegu starfi á sviði orkumála.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking eða reynsla af sviði orkumála er kostur
- Þekking eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum og Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri, gudjon.axel.gudjonsson@idn.stjr.is. Einnig bendum við á heimasíðu ráðuneytisins: <http://www.idnarraduneyti.is>. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



BIFVÉLAVIRKI AKUREYRI

Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

Staða bifvéla virkja hjá vélaverkstæði Vegagerðarinnar á Akureyri er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélagis.

Starfssvið

- Vinna við viðhald bifreiða og véla
- Vinna við viðhald á ýmsum búnaði
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvéla virkjun
- Reynsla af bíla- og vélaviðgerðum æskileg
- Þekking á rafeindabúnaði æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Framtíðarstörf hjá Fjarðaáli



Framleiðslustörf

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslu- starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri. Verkefni eru margs konar og mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.

Sérfræðingur í fjármálateymi

Ábyrgðarsvið:

Alcoa Fjarðaál leitar að viðskiptamenntuðum sérfræðingi í fjármálateymi fyrirtækisins. Verkefni verða fjölbreytt og starfið krefst sveigjanleika.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun á háskólastigi
- Reynsla af afstemmingum
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og útsjónarsemi
- Lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí fyrir öll störf.

Kynntu þér Austurland
tækifæranna á austurat.is



capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.



Skipulag, röggsemi, hugmyndaauðgi og sköpun

Á þetta við um þig?

Hefurðu áhuga á faglegu starfi á vettvangi frítímans?

Umsjónarmaður

Frístundamiðstöðin Frostaskjól óskar eftir umsjónarmanni frístundaheimilis fyrir 6 ára börn í Selinu Melaskóla

Ábyrgðarsvið:

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilis fyrir 6 ára börn í samvinnu við umsjónarmann fyrir 7-9 ára börn í Selinu
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra, starfsfólk skóla og aðra samstarfsaðila innan hverfisins
- Umsjón með starfsmannamálum
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn Selsins og Frostaskjól

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Reynsla af því að vinna í hópi
- Áhugi á frístundastarfi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Sjálfstæði, frumkvæði og sveigjanleiki
- Færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að skapa liðsheild í starfsmannahópi
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Steinunn Gretarsdóttir, deildarstjóri barnasviðs Frostaskjól, í síma 411-5700, netfang steinunn.gretarsdottir@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 11. maí 2008.

Umsækjendur þurfa að hefja störf sem fyrst, og eigi síðar en 1. ágúst nk. Hægt er að sækja um rafrænt á www.rvk.is/storf eða til Íþrótt- og tómsundasviðs að Bæjarhálsi 1, merkt "Umsjónarmaður - Selid".

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



TRYGGINGASTOFNUN

Skjala- og upplýsingastjóri

Tryggingastofnun óskar að ráða sem fyrst bókasafns- og upplýsingafræðing. Starfið felst einkum til að byrja með í mótun skjala- og upplýsingastjórnunarkerfis í fjölbreyttu umhverfi með áherslu á rafræna stjórnsýslu. Leitað er að liprum og áhugasömum starfsmanni í spennandi og krefjandi verkefni.

Starfssvið

- Skipulag og mótun upplýsingakerfis
- Yfirumsjón með áætlunum um varðveislu gagna og skjalavistun
- Þátttaka í áætlunum um rafræna skjalavistun og þróun hennar
- Þjónusta jafnt innvið sem útvið um skjölun og upplýsingar
- Ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk varðandi stjórn og meðferð skjala
- Umsjón með bókasafni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða starfsreynsla í bókasafns- og upplýsingafræðimeða önnur sambærileg menntun
- Góð reynsla og kunnátta á upplýsingakerfum
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og vandvirkni í störfum
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Ragnar M. Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (ragnarmg@tr.is) og Guðjón Skúlason, starfsmannastjóri (gudjonsk@tr.is).

Vinsamlegast sendið umsóknir og starfsferilsskrár rafrænt (starf@tr.is) eða í pósti til starfsmannþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 12. maí 2008. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og inna af hendi réttar greiðslur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.



Eflum góða liðsheild

Ábyrgðar- og eignatjón

Starfssvið:

- // Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- // Yfirferð tjónstilkynninga og áætlana
- // Ákvörðun bótaskyldu og önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- // Góð almenn menntun (stúdentspróf eða ígildi þess)
- // Reynsla af vinnumarkaði áskilin
- // Mjög góð tölvukunnátta
- // Góð íslensku- og enskukunnátta

Um er að ræða nýtt starf innan ábyrgðar- og eignatjóna. Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa ríka þjónustulund, vera skipulagður og geta unnið sjálfstætt. Þá þarf starfsmaður að hafa frumkvæði sem nýtist við mótun starfs.

Móttaka / skrifstofuþjónusta

Starfssvið:

- // Símsvörðun
- // Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- // Umsjón með boðsendingum og önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- // Góð almenn menntun (stúdentspróf eða ígildi þess)
- // Góð tölvukunnátta
- // Góð íslensku- og enskukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa ríka þjónustulund, vera jákvæður og skipulagður. Starfsmenn móttöku eru þrjár og sinna símsvörðun í tvær vikur í senn en öðrum verkefnum innan skrifstofuþjónustu þriðju hverja viku.

Líkams- og ferðatjón

Starfssvið:

- // Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- // Uppgjör ferðatjóna og önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- // Góð almenn menntun (stúdentspróf eða grunnám í háskóla)
- // Mjög góð tölvukunnátta
- // Góð íslensku- og enskukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa framúrskarandi þjónustulund og vera skipulagður. Hann þarf að sýna sjálfstæði í starfi og geta unnið undir álagi. Ráðið verður í eina stöðu strax og aðra stöðu frá og með 1. ágúst n.k.

Símaþjónusta

Starfssvið:

- // Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- // Sala váttrygginga og önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- // Góð almenn menntun (stúdentspróf eða grunnám í háskóla)
- // Mjög góð tölvukunnátta
- // Góð íslensku- og enskukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa ríka þjónustulund, vera góður í mannlegum samskiptum, jákvæður og skipulagður. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst n.k.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuástöðu. TM leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og hefur ánægja meðal viðskiptavina tryggingafélaga mælt mest hjá TM þrjú undanfarin ár.



Nánari upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 6. maí 2008.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is

Vélaver leitar að starfsmanni í varahlutaverslun

Sölumaður

Starfið er fjölbreytt og felur í sér m.a. sölu, afgreiðslu, innkaup og lagerstjórn á vörum frá ákveðnum birgjum. Við leitum að ábyrgðarfullum einstaklingi með þekkingu á vélbúnaði sem er tilbúinn að taka þátt í ört vaxandi verkefnum.

Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund eru kostir sem veita þungt í starfi sem þessu.

Vélaver hf er eitt af stærstu innflutningsfyrirtækjum landsins á vélum og tækjum til landbúnaðar og verkakastarsemi auk innflutnings á lyfturum, atvinnubifreiðum, fjórhjólum og kerrum.

Vélaver er með starfsemi í Reykjavík og á Akureyri.

Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns sem leggja metnað sinn í að veita viðskiptavinum lipra og fagmannlega þjónustu sem þeir geta treyst á.

Mjög góð aðstaða er fyrir starfsfólk og viðskiptavinum í nýlegu húsnæði Vélavers að Krókhálsi sem er 3500 fm. að stærð og skiptist í um 1.000 fm. sýningarsal sem er einn stærsti sinnar tegundar á landinu, 1.000 fm. lagerymi, 1.000 fm verkstæði sem búið er öllum fullkomnustu tækjum og um 500 fm skrifstofuástöðu.



Upplýsingar um störf eru veitt í síma **588 2600**

Krókhálsi 16 • 110 Reykjavík • sími 588 2600

VÉLAVER www.velaver.is



Sumarið er tíminn - skemmtileg sumarstörf í boði

Lítill heimur - hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



EIMSKIP leitar að hressu og duglegu ungu fólki í vinnu í sumar. Í boði eru fjölbreytt störf í Vöruhótelum og við akstur. Sláðu til og komdu í hóp öflugra og skemmtilegra starfsmanna á traustum og góðum vinnustað.

Starfskröfur

- 18 ára eða eldri
- Hreint sakavottorð
- Þjónustuvilji og jákvæðni
- Meirapróf vegna starfa við akstur

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu okkar, www.eimskip.is, og hvetjum við alla áhugasama til að sækja um.

Korgörðum 2

104 Reykjavík

Sími 525 7000

Fax 525 7009

www.eimskip.is



Fjölbreytt störf í boði

LS Retail ehf. leitar að starfsfólki til að takast á við aukin verkefni bæði innanlands og á erlendum vettvangi. Óskum að ráða í eftirtalin störf:

Hugbúnaðarhönnuður Microsoft Dynamics NAV

Starfssvið felst í hönnun og forritun á viðskiptalausnum fyrir Microsoft Dynamics NAV.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði eða tölvunarfræði (eða sambærilegt nám) ásamt mikilli reynslu af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics NAV. Góð þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra.

Hugbúnaðarsérfræðingur Microsoft Dynamics NAV

Starfssvið felst í forritun á viðskiptalausnum fyrir Microsoft Dynamics NAV.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af hugbúnaðargerð með Microsoft Dynamics NAV er æskileg en ekki skilyrði. Reynsla af gagnagrunnstengdri hugbúnaðargerð er kostur.

Hugbúnaðarsérfræðingur á samskiptasviði

Starfssvið felst í forritun á gagnagrunnstengdum samskiptalausnum yfir staðarnet og viðnet.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði eða tölvunarfræði. Góð þekking á forritun í C/C++/C#. Þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra ásamt þekkingu á TCP/IP, XML og vefþjónustum.

Hugbúnaðarsérfræðingur Microsoft Dynamics AX

Starfssvið felst í forritun á viðskiptalausnum fyrir Microsoft Dynamics AX.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af hugbúnaðargerð með Microsoft Dynamics AX er æskileg en ekki skilyrði. Reynsla af gagnagrunnstengdri hugbúnaðargerð er kostur.

Hugbúnaðarráðgjafi Microsoft Dynamics AX

Starfssvið felst í ráðgjöf og þjónustu á viðskiptalausnum byggðum á Microsoft Dynamics AX.

Menntunar- og hæfniskröfur: Góð almenn tölvukunnátta. Haldgóð þekking á Microsoft Dynamics AX eða sambærilegum kerfum er æskileg. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófimeinn við að sýna og kenna á hugbúnað. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

Sérfræðingur í skjölun og prófunum

Starfssvið felst í gerð notendaleiðbeininga fyrir viðskiptahugbúnað auk prófana á hugbúnaðarkerfum.

Menntunar og hæfniskröfur: Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á Microsoft Dynamics AX eða NAV er æskileg en ekki skilyrði. Góðir samskiptahæfileikar. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði ásamt hæfileika til að skrifa skýran og góðan texta. Lögð er áhersla á sjálfstæði, skipulagningu og nákvæmni í vinnubrögðum.

Starfsmaður á skrifstofu, 50% starf

Bókhald, innheimta, greiðsla reikninga og leyfismál, ásamt verkefnum sem tengjast þjónustu við viðskiptavinum.

Hæfniskröfur: Almenn þekking á bókhaldi, reynsla af NAV bókhaldskerfi er æskileg en ekki skilyrði. Lögð er áhersla á sjálfstæði, skipulagningu og nákvæmni í vinnubrögðum. Um hálf dagsstarf er að ræða fyrst um sinn.



LS RETAIL

Öll störf gera kröfu um góða enskukunnátta, frumkvæði, metnað og getu til að vinna sjálfstætt. Nánari upplýsingar veitir Högni Hallgrímsson í síma 550 9000. Umsóknarfrestur er til 5. maí. Umsóknir sendist á netfangið hogni@LSRetail.com

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007

LS Retail ehf. er hugbúnaðarhús sem þróa sérhæfðan hugbúnað fyrir verslanir. Vörur fyrirtækisins byggja að miklu leyti á hugbúnaði frá Microsoft með áherslu á Microsoft Dynamics AX og Microsoft Dynamics NAV. LS Retail ehf. er í fremstu röð fyrirtækja sem þróa verslunar- og veitingahúsalausnir á grunni Microsoft Dynamics NAV/AX fyrir alþjóðamarkað. LS Retail verslunarlausnir hafa verið seldar til 130 landa, þýddar á 33 tungumál og er dreift gegnum net 75 vottaðra samstarfsfyrirtækja í 51 landi. Lausnir frá LS Retail eru í notkun í yfir 18.000 verslunum á yfir 41.000 afgreiðslukössum um allan heim. Meðal ánægðra viðskiptavina sem nota kerfið eru: adidas, Vero Moda, Jack and Jones, Magasin du Nord og IKEA. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar www.LSRetail.com



Fjölbreytt og skemmtileg störf
í boði á www.reykjavik.is





TÓNABÆR FRÍSTUNDAHEIMLID
LAUGARDALS- OG HÁALEITIS

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FAGLEGU STARFI Á VETTVANGI FRÍTÍMANS?

Deildarstjóri barnastarfs óskast til að taka þátt í mótun faglegs uppeldisstarfs við Tónabæ frístundamiðstöð Laugardals- og Háaleitis og umsjónarmaður við frístundaheimilið Neðstaland í Fossvogsskóla.

DEILDARSTJÓRI BARNASTARFS

HELSTA STARFSSVIÐ DEILDARSTJÓRA BARNASTARFS ER YFIRUMSJÓN SJÖ FRÍSTUNDAHEIMILA FYRIR BÖRN Á ALDRINUM 6-9 ÁRA. UNDIR DEILDARSTJÓRA BARNASTARFS HEYRA UMSJÓNARMENN FRÍSTUNDAHEIMILA AUK HLUTASTARFSMANNA ALLT AÐ 100 MANNS. Á HVERJUM DEGI NOTA UM 550 BÖRN ÞJÓNUSTU HEIMILANNA.

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Yfirumsjón með barnastarfi á vegum frístundamiðstöðvar Tónabæjar
- Skipulagning starfsins í samráði við umsjónarmenn frístundaheimilanna
- Þátttaka í stefnumótun og framfarðarsýn
- Samskipti og samstarf við stjórnendur skóla og aðra samstarfsaðila
- Umsjón með starfsmannamálum

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Stjórnunarreynsla
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Reynsla af starfi með börnum
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Sigurðsson, forstöðumaður Tónabæjar, í síma 411-5400, netfang, haraldur.sigurds@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 11. maí 2008

UMSJÓNARMANNA

UMSJÓNARMANNA ÓSKAST Á FRÍSTUNDAHEIMILIÐ NEÐSTALAND Í FOSVOGSSKÓLA HELSTA STARFSSVIÐ UMSJÓNARMANNS ER UMSJÓN OG ÁBYRGÐ Á DAGLEGUM REKSTRI NEÐSTALANDS

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilis fyrir börn á aldrinum 6-9 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra, starfsfólk skóla
- Umsjón með starfsmannamálum

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að skapa liðsheild í starfsmannahöpi
- Almenn tölvukunnátta

Staða umsjónarmanns er fímabundin vegna afleysinga til 31. ágúst 2009.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Rudolfsdóttir, deildarstjóri barnasviðs Tónabæjar, í síma 411-5400, netfang, hildur.rudolfsdottir@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 11. maí 2008

Hægt er að sækja um rafrænt á www.rvk.is/storf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótt- og tólmundastofn Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



LÍFLAND

Lífland óskar eftir starfsmanni

í lager og verslunarstörf í verslun sinni að Lynghálsi 3. Leitað er eftir samvisskusömum og sjálfstæðum starfsmanni sem hefur reynslu af hestamennsku, þarf að geta hafið störf sem fyrst. Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við verslunarstjóra Líflands, Óskar í síma: 5401125 eða á póstinn oskar@lifland.is.

Starfsmaður óskast!

Garri ehf. heildverslun óskar eftir að ráða sem fyrst starfsmann á lager. Í starfinu felast almenn lagerstörf og tiltekt pantana.

Við leitum að traustum og vinnusömum starfsmanni sem er tilbúinn að vinna með okkur í öflugum fyrirtæki á stækkandi fyrirtækjamarkaði.

Skilyrði er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku tungu.

Garri er reykláus vinnustaður.

Áhugasamir sendi umsóknir með tölvupósti á netfangið magnus@garri.is fyrir 1. maí.



Gerðu þér mat úr Garra



Skrifstofustarf Umdæmisskrifstofa Matvælastofnunar í Reykjavík - fullt starf

Helstu verkefni:


- Almenn ritastörf
- Móttaka og afgreiðsla vottorða
- Skráninga og úrvinnsla gagna
- Almenn skrifstofustörf og tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af ritara- og skrifstofustörfum æskileg
- Góð tungumálakunnátta
- Haldgóð þekking og reynsla af tölvuvinnslu
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veita Hafsteinn Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og Þorvaldur H. Þórðarson (thorvaldur.thordarson@mast.is) í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Skrifstofustarf" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2008. Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Upplýsingar um Matvælastofnun er að finna á vefsíðu stofnunarinnar, www.mast.is



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Víðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20-45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25-49 ára.

Viðskiptafréttir...
...alla daga



Gleðilegt sumar!

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur strax á skrá: forritara, rafvirkja, rafeindavirkja, verkfræðinga, burðarþolshönnuði og bókhaldsfólk.

www.radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Persónuleg og fagleg þjónusta

Verkefnastjóri

Starfssvið:

Samskipti við viðskiptavini, undirverktaka og samstarfsmenn. Umsjón verkefna, utanumhald um kostnað, gerð áætlana og reikninga.

Hæfniskröfur:

- Miklir skipulagshæfileikar
- Eiga auðvelt með samskipti
- Viðskiptatengd háskólamenntun
- Góð tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku
- Reynsla af markaðsmálum og/eða auglýsingastofum

Prentsmiður

Starfssvið:

Gæðaeftirlit, samskipti við prentsmiðjur, frágangur prentverka, umbrot og annað tilfallandi.

Hæfniskröfur:

- Góðir samskiptahæfileikar
- Menntun á sviði prenttækni
- Góð tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku
- Reynsla af vinnu í prentsmiðju og/eða auglýsingastofu

Grafískur hönnuður

Starfssvið:

Hönnun auglýsinga og almenns kynningarefnis.

Hæfniskröfur:

- A.m.k. 3 ára reynsla á auglýsingastofu
- Góðir samskiptahæfileikar
- Háskólamenntun á sviði grafískrar hönnunar
- Góð tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til 1. maí.

Sendið umsóknir ásamt ferilsskrá á umsoknir@jl.is
Nánari upplýsingar veittar á sama stað.

Jónsson & Le'macks er auglýsingastofa, stofnuð árið 2003. Starfsmenn eru nú 30 talsins með mjög fjölbreytta menntun og reynslu.

Á meðal viðskiptavina J&L eru Eymundsson, Glitnir, N1, Eykt, Reykjavíkurborg, Hekla, Úrval-Útsýn, HugurAx, Jónar Transport, Keilir, Gentle Giants, Höfðatorg, Kokka, Listahátíð í Reykjavík, LÍÚ, Lífis, Plúsferðir, Parket og gólf, Sumarferðir.

JÓNSSON & LE'MACKS sími 534 5550 - www.jl.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið



Árbæjarskóli Skólaárið 2008 - 2009

Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins með um 800 nemendum, 400 á hvoru skólastigi. Hann er staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins, náttúruferlu höfuðborgarsvæðisins. Skólinn er safnskóli á unglingsstigi þar sem til náms í unglingsdeild koma nemendur frá Ártúns-, Selás- og Árbæjarskóla en skólastarf á yngri stigi er hefðbundið. Helsti áhersluþáttur skólans er að nemendur og starfsfólk hans nái hámarks árangri í starfi sínu og eru einkunnarorð skólans í hávegum höfð. Samvinna einstaklinga og starfsandi er góður.

Einkunnarorð Árbæjarskóla eru:
Ánægja - Áhugi - Ábyrgð - Árangur

Lausar eru eftirtaldir stöður við Árbæjarskóla skólaárið 2008 - 2009:

- Enskukennari, fullt starf
- Leiklistarkennari, fullt starf eða hlutastarf
- Kennari í samfélagsfræði og lífsleikni, fullt starf
- Bókasafnsfræðingur á skólasafn, fullt starf
- Íslenskukennari, full starf

Mikilvægt er að umsækjendur hafi skipulagshæfileika, samstarfsvilja, jákvætt viðmót og ríka þjónustulund. Forsenda er að umsækjendur hafi áhuga á að vinna með börnum og fjölbreyttum hópi starfsmanna auk þess sem frumkvæði og metnaður er nauðsynlegur.

Ráðið er í ofangreind störf frá 1. ágúst 2008.

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2008. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar. Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is eða senda umsókn til Árbæjarskóla, Rofabæ 34, 110 Reykjavík.

Upplýsingar gefur Þorsteinn Sæberg, skólastjóri, í síma 411 7700 eða netfang sberg@arbaejarskoli.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Okkar rannsóknir allra hagur

www.matis.is



Svara Brosa Hjálpa

Reykjavík

Móttökuritari

Starfssvið

Helstu verkefni sem viðkomandi mun bera ábyrgð á:

- Bókun reikninga
- Símavarsla
- Móttaka viðskiptavina
- Ferðapantanir
- Almenn ritarastörf

Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun, t.d. stúdentspróf
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vingjarnlegt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum

Um tímabundna ráðningu er að ræða í eitt ár.

Reykjavík

Aðstoðarmaður á rannsóknastofu

Starfssvið

- Undirbúningur matvæla- og umhverfissýna fyrir rannsóknir
- Önnur störf er tengjast örverurannsóknnum

Hæfniskröfur

- Æskilegt er að umsækjendur hafi undirbúningsmenntun og starfsreynslu á þessu sviði en ekki háskólapróf.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf sem fyrst.

Matis er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni (Prokaria) og matvælaöryggi. Hjá Matis starfa rúmlega 100 manns á sjö stöðum á landinu.

Starfsmaður þarf að sýna frumkvæði, sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til að ná árangri í starfi.

Umsóknarfrestur er til 4. maí

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg S. Sigurðardóttir, mannauðsstjóri í síma 422 5069

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til:

Matis ohf. • Borgartún 21 • 105 Reykjavík
eða til: atvinna@matis.is



Skóladeild, Glerárgötu 26, Akureyri
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Skólastjóri Naustaskóla

Nýr skóli – nýir tímar - ögrandi og einstakt verkefni

Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum, og hefur vilja til að leiða skólastarf, þar sem áhersla er lögð á vellíðan, árangur nemenda og, teymisvinnu starfsmanna.

Starfsemin einkennist af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.



Naustaskóli er nýr grunnskóli í Naustahverfi á Akureyri. Skólinn verður byggður í tveimur áföngum og verður sá fyrri tilbúinn haustið 2009, þegar skólinn tekur til starfa. Gert er ráð fyrir því að í skólanum geti verið allt að 500 nemendur þegar hann er fullbyggður árið 2012. Að undirbúningsvinnu við hönnun Naustaskóla kom stór hópur fólks með



mismunandi bakgrunn. Byggingin samanstendur af nokkrum sjálfstæðum einingum eða klösom, með sveigjanlegu kennslurými, þar sem gert er ráð fyrir að samkensla árganga sé möguleg og æskileg. Skólinn á að vera miðstöð fyrir alla íbúa hverfisins og mikil áhersla lögð á samstarf við leikskóla og vinnu með umhverfið og náttúruna. Áhersla á samstarf við foreldra og þátttöku þeirra er mikil og er gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir þá í skólanum. Nánari upplýsingar og teikningar af byggingunni má finna á vefslóðinni: <http://skoladeild.akureyri.is/naustaskoli.htm>

Starfssvið:

Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegar stefnu.

Menntunarkröfur:

Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
Framhaldsmenntun í stjórnun.
Menntun á sviði reksturs æskileg.

Hæfniskröfur:

Frumkvæði og samstarfsvilji.
Góðir skipulagshæfileikar.
Hæfni í mannlegum samskiptum
Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
Reynsla af kennslu.
Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynsla og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfseminna í Naustaskóla þróast undir sinni stjórn.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar Gíslason, fræðslustjóri, í síma 460 1456 og 892 1453. Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanevndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannabjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060. Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is



SKÓLAFÉLAG
AKUREYRARBÆJAR

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2008

Veitingahúsið við Tjörnina



Óskar eftir að ráða aðstoðarfólk í eldhús og nema í matreiðslu.

Upplýsingar gefur
Gunnar Örn í síma 8999250

BÍLSTJÓRAR



Bílstjórar

- Óskum eftir að ráða bílstjóra til starfa sem fyrst. Jafnt reyndir sem óreyndir bílstjórar koma til greina.
- Spennandi störf í boði á nýjum steypubílum. Bílarnir eru búnir bestu akstursþægindum fyrir bílstjóran.
- Nánari upplýsingar í síma 660-8484 eða með tölvupósti: knut@evborg.is.

BORG er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki í örur vexti. Spennandi verkefni framundan – góður starfsandi.



Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777
Fax: 414-7779 · borg@evborg.is · www.evborg.is



Sölumaður

Vegna aukinna umsvifa óskar Hressing, fyrirtækjajónusta Ölgerðarinnar, eftir að ráða metnaðarfullan sölumann. Hressing sérhæfir sig í heildarlausnum í drykkjarvörum og snarli fyrir vinnustaði landsins.

Starfssvið:

- Almenn sölustörf
- Samningagerð
- Viðhald viðskiptasambanda
- Öflun nýrra viðskiptatengsla

Hæfniskröfur

- Góðir söluhæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskunnátta í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og faglegur metnaður

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valur Valsson, framkvæmdastjóri, í síma 412 8081, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið Valur.Asberg.Valsson@olgerdin.is

Umsóknir óskast sendar á netfangið elisabet.einarsdottir@olgerdin.is eða til Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson, Grjóthálsi 1-11, 110 Reykjavík fyrir **5. maí nk.**

Ölgerðin

er besta sölu- og markaðsfyrirtæki á Íslandi á sviði mat-, drykkjar- og sérvöru. Fyrirtækið varð til við sameiningu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson og Danól. Ölgerðin er hvort tveggja í senn háþróað og framsækni framleiðslufyrirtæki og metnaðarfullt sölu- og markaðsfyrirtæki. Ölgerðin markaðssetur aðeins vörumerki sem eru eða hafa möguleika á að verða fremst í sínum flokki. Höfuðstöðvar Ölgerðarinnar eru að Grjóthálsi 7-11 en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Hjá Ölgerðinni starfa um 250 starfsmenn með víðtæka þekkingu og reynsly. Gildi fyrirtækisins eru jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni.



Grjóthálsi 7-11
110 Reykjavík

Sími 412 80 00
Fax 412 80 09

olgerdin@olgerdin.is
www.olgerdin.is





Verkstjóri

Vantar vanan verkstjóra við jarðvinnuframkvæmdir til starfa strax.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100



Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í framtíðarstarf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda.

Hafið samband við Elvu: 562-0200 / perlan@perlan.is.



Vaktstjóri á Pizza Hut.

Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjórum á Pizza Hut Sprengisandi og í Smáralind. Starfið felst í stjórnun vakta, þjónustu og mannestjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustlund, samskiptum og hæfni í mannlegum samskiptum.

Reynsla af þjónustu og stjórnun æskileg.

Lágmarksaldur er 22 ár. Um er að ræða framtíðarstarf.

Afhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is.

Nánari upplýsingar veitir Þórunn Lóa Þórhallsdóttir framkvæmdastóri í síma 863-1136



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Lausar stöður aðstoðarleikskólastjóra

Endurbirting auglýsinga um lausar stöður aðstoðarleikskólastjóra í leikskólunum Sjónarhóli, Holtborg og Græuborg

Staða aðstoðarleikskólastjóra á Sjónarhóli var auglýst laus til umsóknar í Fréttablaðinu sunndaginn 16. mars með umsóknarfresti til 16. apríl 2008.

Staða aðstoðarleikskólastjóra í Holtborg var auglýst laus til umsóknar í Fréttablaðinu sunndaginn 6. apríl með umsóknarfresti til 21. apríl 2008.

Staða aðstoðarleikskólastjóra í Græuborg var auglýst laus til umsóknar í Fréttablaðinu sunndaginn 13. apríl með umsóknarfresti til 28. apríl 2008.

Í öllum þessum auglýsingum var gefið upp rangt netfang og því hafa umsóknir ekki borist á rétta stað. Því er óskað eftir að umsækjendur um stöðurnar sendi umsóknir sínar aftur á netfangið: ingunn.gisladottir@reykjavik.is fyrir 5. maí 2008. Einnig má senda umsóknir í pósti til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Frírkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita Bergljót Jóhannsdóttir, leikskólastjóri á Sjónarhóli í síma 693 9813, Elfa Dís Austmann, leikskólastjóri í Holtborg í síma 693 9860 og Gerður Sif Hauksdóttir, leikskólastjóri í Græuborg í síma 693 9842.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjú símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Aðstoðarskólastjóri Rimaskóla

Laus er staða aðstoðarskólastjóra Rimaskóla.

Rimaskóli er heildstæður grunnskóli með rúmlega 700 nemendum. Í Rimaskóla starfar kröftugt starfsfólk. Mörg verkefni skólans hafa vakið mikla athygli og unnið til hvatningarverðlauna Menntaráðs Reykjavíkurborgar fyrir að vera framúrskarandi og árangursrík. Einkunnarorð skólans eru regla, metnaður og sköpun. Rimaskóli fylgir stefnu Reykjavíkurborgar í átt að einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun
- Stjórnunarhæfileikar
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af kennslu og stjórnun

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2008.

Umsóknarfrestur er til 13. maí nk. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar. Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is eða senda umsókn til Rimaskóla, Rósaríma 11, 112 Reykjavík.

Upplýsingar um starfið gefa Helgi Árnason skólastjóri Rimaskóla, sími 411 7720, helgi@rimaskoli.is og Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, sími 411 7000, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjú símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Flugfjarskipti ehf.

Flugfjarskipti ehf. er að fullu í eigu Flugstöða ohf.

Flugfjarskipti ehf. sinna tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Starfsmenn fyrirtækisins eru um 50 og er starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

Rekstrar og mannauðsstjóri

Flugfjarskipti leita að rekstrar- og mannauðsstjóra

Rekstrar- og mannauðsstjóri fer með stjórn og umsjón mannauðs-mála. Hann veitir stjórnendum stuðning og leggur til sérþekkingu og ferla sem styðja innleiðingu á starfsmannastefnu ásamt því að hafa umsjón með fjármálaferlum sem eru að mestu útviðstaðir.

Um er að ræða starf í spennandi starfsumhverfi sem býður upp á mikla möguleika. Leitað er að einstaklingi sem hefur orku og drifkraft til að vera öflugur liðsmaður í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Helstu verkefni eru:

- Tekur þátt í mótun og eftirfylgni með starfsmannastefnu
- Heldur utan um útgáfu og innihald starfsmannahandbókar
- Heldur utan um kjarasamninga og kjarasamningagerð
- Umsjón með gerð ráðningarsamninga og starfslýsinga
- Heldur utan um launavinnslu og er í samskiptum við þjónustuaðila sem því sinna.
- Heldur utan um ferðamála starfsmanna og tryggir skilvirkni ferla því tengdu
- Hefur umsjón með fjármálaferlum sem eru að mestu útviðstaðir og er í samskiptum við þjónustuaðila sem því sinna.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð
- Hefur umsjón með skýrslugerð vegna uppgjörs við viðskiptavinum
- Tekur þátt í uppgjöri árangursmælikvarða í samvinnu við aðra stjórnendur
- Ber ábyrgð á framkvæmd innkaupa á skrifstofuvörum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði mannauðsmála og góður fjármálaglegur bakgrunnur
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Greiningarhæfni og metnaður til að ná árangri
- Hæfileikar til að vinna í hópi og innleiða og stjórna breytingum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða einstakt tækifæri til að vera með í spennandi fyrirtæki á sviði flugfjarskipta. Um krefjandi verkefni er að ræða frá fyrsta degi og miklir möguleikar á að hafa áhrif á þróun starfsins.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirsurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík

Sími 511 1225 Fax 511 1126

intellecta@intellecta.is

www.intellecta.is

Sigrún H. Kristjánsdóttir hjá intellecta veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 511 1225.

Umsóknir sendist til intellecta eða á sigrun@intellecta til og með 7. maí 2008.

Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjendur hafa tekist á við á undanföllum árum og sem þeir telja að koma muni að gagni í því starfi sem sótt er um.

Skemmtilegt og gefandi verkefni fyrir hugmyndaríka!

Hefur þú áhuga á hönnun og vilt láta ljós þitt skína til styrktar góðu málefni? NTC og Krabbameinsfélagið leita eftir hugmyndaríkum einstaklingi til þess að hanna myndir á boli, tileinkuðum Bleiku slaufunni þar sem bleika slaufan er í fyrirrúmi. Hugmyndin er að vera með til sölu tvær mismunandi útfærslur af bolum fyrir dömur og herra, annars vegar fyrir yngri kynslóðina og hins vegar þá eldri.

Allur ágóði af sölu bolanna rennur óskiptur til Krabbameinsfélagsins.

NTC

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið inga@ntc.is fyrir föstudaginn 12. maí. NTC laugavegi 91 s. 512-1700 www.ntc.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið



Aðstoðarskólalastjórar Skólaárið 2008 - 2009

Lausar eru tvær stöður aðstoðarskólalastjóra við Árbæjar-skóla - annars vegar á yngra stigi og hins vegar á unglíngastigi.

Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins með um 800 nemendur, 400 á hvoru skólalastigi. Hann er staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins, náttúruferlu höfuðborgarsvæðisins. Skólinn er safnskóli á unglíngastigi þar sem til náms í unglíngadeild koma nemendur frá Ártúns-, Selás- og Árbæjarskóla en skólastarfi á yngra stigi er hefðbundið. Helsti áhersluþáttur skólans er að nemendur og starfsfólk hans nái hámarks árangri í starfi sínu og eru einkunnarorð skólans í hávegum höfð. Samvinna einstaklinga og starfsandi er góður.

**Einkunnarorð Árbæjarskóla eru:
Ánægja - Áhugi - Ábyrgð - Árangur**

Mikilvægt er að umsækjendur hafi skipulagshæfileika, samstarfsvilja, jákvætt viðmót og ríka þjónustulund. Forsenda er að umsækjendur hafi áhuga á að vinna með börnum og fjölbreyttum hópi starfsmanna auk þess sem frumkvæði og metnaður er nauðsynlegur.

Leitað er eftir einstaklingum með:

- Leiðtoga-hæfileika
- Stjórnunarreynslu í skólastarfi eða framhaldsmenntun á sviði stjórnunar
- Yfirgripsmikla þekkingu á skólastarfi
- Metnað til að veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Kennarameinntun

www.terranova.is



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri, sími: 461 1099



Allt sem spænskt er Andalusía státar af því og eignar sér flamengóðansinn, nautaatið og hina klassísku spænsku matargerð.

ANDALÚSÍUFEGRÐ

Andalusía hefur löngum þótt einn fegursti hluti Spánar, enda allt sem talið er spænskt í dag, flamengóðansinn og nautaatið, upprunnið þaðan. Í dag bjóða Heimsferðir farþegum sínum upp á alla vinsælustu staðina við strendur Andalusíu á Costa del Sol, svo sem Torremolinos, Fuengirola og Marbella. Sumarferðir og Plúserferðir fljúga einnig til Costa del Sol og stutt er frá þessum stöðum til höfuðborgar Andalusíu, Sevilla. Fullkomin ferð til að sameina sól og falleg styttri ferðalög um héraðið.

Ó, Æ, AUMINGJA ÉG

Ferðalangar geta lent í því að taskan tynist um stundarsakir eða sé jafnvel send á rangan flugvöll. Þeir sem eru með kreditkort eru tryggðir að nokkru leyti fyrir slíku. Bæði Visa og MasterCard eru með góðar heimasíður þar sem nálgast má allar upplýsingar um hvers kyns ferðatryggingar. Þær geta margborgað sig þegar haldið er af stað út fyrir landsteinana.

Hjá VISA má nálgast nákvæmar upplýsingar um hvers konar tryggingar eru í boði á valitor.is. Ferðalangar eru hvattir til að kynna sér kosti og galla hvers greiðslukorts.

Besta tryggingin er hjá Platinum-korti TM, en þar eru korthafar tryggðir fyrir allt að áttatíu þús-

und krónum. Algengast er að tryggingin sé 24 þúsund krónur, en VISA-korthafar geta haft samband við SOS-International sem er hluti af ferðatryggingu VISA-kreditkortsins.

Korthafar MasterCard eiga einnig völd á þjónustu SOS-International sem er alþjóðleg stofnun. Á heimasíðu MasterCard, borgun.is, má nálgast allar upplýsingar um tryggingar á farangurstöf, en Platinum-kortið býður bestu kjörin eða 80 þúsund krónur. Ferðalangar ættu þó að hafa það í huga að sjálfsábyrgð er alltaf einhver.



Farangurstrygging þeir sem lenda í því að tapa ferðatöskunni um stundarsakir ættu að kynna sér vel hvort greiðslukortafyrirtæki þeirra bæti þeim stundartapið að einhverju leyti.



EINSTÖK
UPPLIFUN

Hótel fyrir vandláta - í hjarta Mayfair

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

BROWN'S HOTEL
LONDON



THE ROCCO FORTE COLLECTION



FERÐIR
www.gbferdir.is

Kíktu á elkofrihofn.is og gerðu enn betri kaup!



Stafrænar myndavélar og upptökuvélar • iPod • tölvur • DVD spilarar • GSM símar • GPS staðsetningartæki • hljómtæki • hársnyrtivörur

GLEN ARBOUR

www.glenarbour.com

DIGBY PINES

www.digbypines.ca

SEVEN

www.sevenwinebar.com

DOMAINE DE GRAND PRÉ

www.grandprewines.ns.ca

NOVA SCOTIA

www.destination-ns.com

HALIFAX

www.destinationhalifax.com



WWW.ICELANDAIR.IS

VERÐ **61.900 KR.**
Á MANN Í TVÍBÝLI.
13.–16. JÚNÍ

SAGA OG MENNING Í FRANKFURT

Fararstjóri:
Svala Arnardóttir.

Sjáðu stærstu skjákljúfa Evrópu, upplifðu forna sögu og borgarfergur í Römerberg og Sachsenhausen; og kiktu í Zeil, stórglæsilega verslunargötu.

+ Nánari upplýsingar eru á www.icelandair.is



*Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Inter Continental***, morgunverður, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis, íslensk fararstjóri, skoðunarferðir um borgina með fararstjóra.



Horft yfir eina af flottu holunum á Glen Arbour.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS JÓNSSON

GOLF OG MATUR Á NOVA SCOTIA

Þegar fólk er að leita að stað í útlöndum til að spila golf við bestu aðstæður og borða góðan mat er ekki víst að því detti í hug að fara til Kanada. Að fenginni reynslu getur Björn Þór Sigbjörnsson blaðamaður fyllilega mælt með Halifax og Nova Scotia. Þar eru frábærir golfvöllir og kokkar sem kunna sitt fag.

Halifax, höfuðstað Nova Scotia á austurströnd Kanada, blandast saman evrópsk og amerísk menning. Áhrifa Frakkanna og síðar Bretanna sem þar bjuggu á öldum áður gætir enn í rólegu og yfirveguðu borgarlífinu. Fyrsta flokks veitingastaður upp á franska mátann og amerískur „diner“ í húsinu á móti eru lítil dæmi um hvernig íbúarnir hafa valið það besta úr hvorum menningarheimi fyrir sig.

Halifax iðar af lífi, enda fjölmargir háskólar í borginni sem fólk alls staðar að úr heiminum sækir. Háskólasamfélagið er svo skemmtileg andstæða við mikla hafnsækna starfsemi, sem sést á tíðri skipaumferð og stórum vöruskemmmum við hafnirnar.

Borgin er fámenn á kanadískan mælikvarða en nokkuð fjölmenn samanborið við Ísland. Íbúar eru um 400.000 en tæp milljón býr í héraðinu.

Munið eftir varaboltunum

Á haustdögum bauðst nokkrum íslenskum blaðamönnum að kynna sér golfvelli á Nova Scotia og prófa eldhúsið í leiðinni. Óhætt er að mæla með hvoru tveggja.

Leikið var á nokkrum skemmtilegum en ólíkum golfvöllum sem ýmist lágu meðfram ströndinni eða inni í stórum skógum.

Við Íslendingar þekkjum strandvöllina mætavel frá Hafnarfirði, Keflavík og Vestmannaeyjum, en skógarvellirnir eru önnur Ella. Fyrir þá sem ekki hafa þeim mun meira vald yfir kylfu og kúlu er betra að hafa fleiri en færri varabolta í pokanum þegar skógarbreiður umlykja hverja braut. Nægt ætti plássíð að vera því ekki þarf að fylla öll hólf af drykkjum. Um þá sjá vallarstarfsmenn sem aka á milli brauta og svala þorsta kylfinga. Vatn, gos, bjór, kaffi og koníak, allt er á boðstólum.

Eins og víðast hvar í útlöndum



Blanda evrópskrar og bandarískrar menningar Frábært sjávarfang og vín frá héraðinu eru aðalsmark Nova Scotia.

er mælt með því á Nova Scotia að kylfingar fari um velli á golfbílum. Slíkur lúxus flýtir fyrir leikum og gerir auk þess það að verkum að eftir hringinn eru menn óþreyttir.

Flott fót - alls kyns sveiflur

Skammt utan við Halifax er einn af bestu golfvöllum Kanada.

Fyrir aðeins tíu árum var Glen Arbour búinn til í skógi vöxnu landi með það að markmiði að skapa glæsilegan og krefjandi völl. Það tókst. Brautirnar eru hver annarri skemmtilegri en eins og gefur að skilja og áður var getið er betra að vera beinn. Bolti í skógi er tapaður bolti. Víti og vesen.

Völlinn sækja efnaðir íbúar Halifax og nágrennis, þar klæðast menn hátísku golffatnaði og eru með græjur af dýrustu og bestu sort, en þar sannast hið fornkveðna; merkin segja ekkert til um hæfnina. Góðir jafnt sem síður góðir kylfingar geta leikið á Glen Arbour en munið bara að vera sæmilega til fara og virða reglur og siði.

Slappað af úti í sveit

Ekki er alveg sama fínerið á golfvöllum í Digby Pines sem þó er

mjög finn. Merkin eru ekki jafn mikilvæg og á Glen Arbour, en golfið er jafn mikilvægt. Þar leggja menn sálu sína í að bjóða gestum upp á bestu mögulegu aðstæður til golfiðkunar og afslöppunar af öðru tagi (fyrir þá sem ekki vita er golf mjög afslappandi). Kanadamenn og aðrir fara til Digby Pines til að láta líða úr sér. Þangað er um tveggja tíma akstur frá Halifax og spa og fíneri í boði. Golfvöllurinn er afskaplega skemmtilegur og aðstæður og yfirbragð skemmtilegt.

Gott í munn og maga

Eldhúsinu á Nova Scotia má lýsa með fáum orðum. Það er ferskt, stuðst er við hráefni úr hafi og haga, og hvort tveggja til fyrirmyndar. Humar, hörpuskel og kræklingar koma úr sjónum en hefðbundin griparækt sér svöngum fyrir kjöti.

Sjávarfangið er aðall Nova Scotia-manna; þeim er mikið í mun að gestir bragði á ólíku konfektí hafsins og bjóða upp á eigið vín með, bæði hvítt og rautt. Vínækt hefur færst í aukana í héraðinu og eru vínbændur á góðri leið með að gera sig gildandi á heimsmarkaðstorginu.

EINSTÖK UPPLIFUN



Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000



DRAUMAFERÐIR TIL ORLANDO

GINN REUNION RESORT ORLANDO

Ginn Reunion Resort hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá okkur á þessu ári enda um sannkallaðan lúxus að ræða. Svæðið er aðeins í 10 mínútna akstursfjarlægð, austan við Disney garðana. Íbúðirnar eru gríðarlega vel útbúnar og sameiginleg aðstaða er fyrsta flokks. Þrjú veitingastaðir eru á svæðinu og 5 mínútna akstur í næstu Publix matvöruverslun og bensínstöð. Íbúðirnar eru allar með stóru eldhúsi, borðstofu, stofu, svölum, þvottavél og þurrkara. Internetaðgangur er í hverri íbúð. Í hótélgarðinum er vatnagarður, sundlaugar og barnalaug ásamt leiksvæði fyrir börn. Skemmtidagskrá alla daga. Gestir fá frí handklæði við sundlaugin. Hótelinu fylgja þrjú 18 holu vellir hannaðir af Jack Nicklaus, Arnold Palmer og Tom Watson. Vellirnir eru hver öðrum betri.

Brottfarir:	2009	2008
	13. feb. (8 nætur)	17. okt. (8 nætur)
	27. feb. (8 nætur)	31. okt. (8 nætur)
	13. mars (8 nætur)	21. okt. (8 nætur)
	03. apríl (11 nætur)	05. des. (8 nætur)
	06. apríl (12 nætur)	



www.icelandair.is

Samstarfsaðili GB ferða



www.gbferdir.is

BOND TIL BJARGAR BÓLÍVÍUMÖNNUM

Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir skrifar frá Chile

James Bond hefur dvalið í Chile síðustu vikur þar sem verið er að taka upp nýjustu myndina hans, Quantum of Solace. Á hverjum einasta degi mátti lesa í blöðunum um það litla sem fréttist af Daniel Craig og félagum á meðan tökur stóðu yfir í Norður-Chile, og þótti til dæmis tíðindum sæta hvað Bond-leikarinn sjálfur var lífræddur. Enginn vissi hvar hann gisti og hann hafði her öryggisvarða í kringum sig til að gæta sín öllum stundum.

Hitt sem þótti þó öllu verra var að eftir gifurlegan undirbúning af hálfu norðanmanna, sem létu sig dreyma um ómældan hróður á heimsvísu og stöðugan straum ferðamanna alls staðar frá til hásléttu Norður-Chile, kom í ljós að leikararnir frá Chile sem ráðnir voru í myndina leika ekki Chilemenn, heldur Bólívíumenn. Leikararnir eru með tilheyrandi hatta og ponsjóa og tökustaðnum

Antofagasta hefur verið breytt í Bólívíu.

Það er lítil munur á hálendinu Chile-megin og Bólívíumegin, og Íslendingar hafa séð mun verri landfræðilegar falsanir í öllum þeim kvikmyndum sem hafa verið teknar upp á íslenskri grund en í raun átt að gerast í Danmörku, Sovétríkjunum, Japan eða jafnvel á tunglinu, en þetta fer mjög fyrir brjóstið á Chile-mönnum. Aldalöng barátta Bólívíumanna fyrir aðgangi að sjó er viðkvæmt ágreiningsmál enn í dag og eru talsverð illindi og fordómar á báða bóga. Biturð Bólívíumanna í garð Chile og Perú er mikil og ár hvert halda þeir upp á Dag hafnsins með þátttöku bólvívska sjóhersins sem enn er til. Á Degi dagsins krefjast þeir fyrrum aðgangs síns að hafi sem þeir misstu yfir til Chile í Kyrrahafsstríðinu fyrir 130 árum.

Það er því auðvelt að koma auga á kaldhæðnina í því að Chile-mönnum skuli líka illa við að Chile

sé líkt við Bólívíu, þar sem fátækt og bágur efnahagur Bólívíu á að miklu leyti rætur að rekja til þess að Chile, sem hefur yfir meira en fjögur þúsund kílómetra strandlengju að ráða, náði rétti Bólívíu að hafi.

Stóra Bond-málið er Mogga-blogg-mál ársins hér í Chile. Að miklu leyti er þetta misskilið þjóðarstolt og illa dulbúinn rasismi, þar sem fólk er mjög umhugað um hvað vestrænum þjóðum þykir um landið og vill ekki að þær haldi að hér sé fátækt eða að hér búi frumbyggjar, sem fólk tengir við fátækt og liðna tíma. Mikill uppangur er í Chile og hefur verið síðustu ár, en þó hefur fátækt ekki minnkað í sama hlutfalli, heldur hefur bilið á milli ríkra og fátækra breikkað. Raunar er þetta bil hvergi meira í allri álfunni en í Chile.

Vissulega er mun minna um frumbyggja í Chile en í Bólívíu og hinum löndunum í kring (þeir eru



í kringum sjö prósent íbúa) en Chile-menn virðast lítið vilja af frumbyggjunum vita og gera sem minnst úr mikilvægi þeirra í landinu. Þess vegna eru margir sárir yfir að af chileíska leikurunum hafi aðeins verið valdir leikarar sem eru dökkir á hörund og þeir látnir leika ekki aðeins Bólívíumenn heldur bólvívska frumbyggja – og það í Antofagasta-héraði sem eitt sinn tilheyrði Bólívíu.

Bólívíumegin eru menn einnig bitrir og kvarta yfir að land þeirra hafi ekki verið valið fyrir tökurnar, en þeim þykir einnig súrt í broti að í myndinni sé Bólívía tengd eiturlyfjasmýgli, ímynd sem þjóðin vill ólm losna við.

Talsvert hefur verið um mót-

mæli vegna þessa í norðurhluta Chile undanfarið. Ferðamálafulltrúar létu hafa eftir sér að þeir hefðu ekki gefið leyfi fyrir tökum hefðu þeir vitað af þessu, og bæjarstjóri í litlum bæ í Antofagasta var handtekinn þegar hann ók bíl sínum beint inn á töku- stað og truflaði tökum til að mót- mæla því að bæ hans væri breytt í bólvívska bæ.

Kjarni málsins virðist þó vera sá að það sem gamla kappanum Bond hefur tekist er að bregða sér í hlutverk Hróa hattar og færa Bólívíumönnum aftur landið dýr- mæta sem þeir misstu fyrir 130 árum – þó ekki sé nema í nokkrar mínútur í Hollywoodmynd.

sl@hi.is

Alicante

á frábærum kjörum

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante í vor, sumar og haust eins og undanfarin 16 ár. Við bjóðum frábær kjör og þjónustu á íslensku alla leið – fyrir þig! Enn er tækifæri til að tryggja sér flugsæti til Alicante með Heimsferðum á frábærum kjörum. Nánar á www.heimsferdir.is.

Verðdæmi – lægstu verð*

9. maí	frá kr. 24.990
21. maí	frá kr. 24.990
28. maí	frá kr. 29.990
4. og 11. júní	frá kr. 39.990
18. júní	frá kr. 34.990
25. júní	frá kr. 29.990
2. og 9. júlí	frá kr. 29.990
16. júlí	frá kr. 34.990

* Lægstu verð sem í boði eru á viðkomandi brottför. Verð er netverð á mann. Takmarkað sætaframboð á þessu verði. Verð getur breyst án fyrirvara. Nánar á www.heimsferdir.is.

Frá kr.
24.990 – báðar leiðir

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Takmarkaður sætafjöldi. Verð getur breyst án fyrirvara.



Bókaðu strax á www.heimsferdir.is og tryggðu þér lægsta verðið!



HEIMAMAÐURINN

► Berlín

BALDVIN PÁLSSON DUNGAL, BARPJÓN OG RÓTARI

UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN? Dolores á Rosa Luxemburg StraBe eru með mjög góð burritos. Svo er Due Forni á Schönhauser Allee kannski besti pitsustaður í heimi.

HVAR ER BEST AÐ FÁ SER ÖL? 8mm Bar á Schönhauser Allee er eflaust ein besta eins herbergis reykfyllta skíthahla í heimi. Góð tónlist og hressir eigendur.

FLOTTASTI BARINN? Bassy Cowboy Club. Hann er þægilega staðsettur beint við hliðina á 8mm Bar. Innréttingarnar eru svona kúrekalegar með rífflum, hesta- og nautahauskúpum, uppstoppuðum úlfi og stórr mynd af Lee Hazlewood.

BESTU GÖTURNAR TIL AÐ KAUPA FÖT? Svæðið í kringum Hackescher Markt. Svo eru marg-

ar búðir á Kastanienallee, ásamt OranienstraBe og WienerstraBe í Kreuzberg.

BESTI STAÐURINN EFTIR KLUKKAN TVÖ AÐ NÓTTU? Kaffee Burger, sögufrægt og söðalegt Rússadískó á TorstraBe.

RÓMANTÍSKASTI GÖNGUTÚRINN? LSD-lengjan í Prenzlauerberg. Þá gengur maður Raum-erstraBe framhjá Helmholzplatz garðinum. Á þeirri göngu þverar maður LychenerstraBe, Schlie- mannstraBe og DunckerstraBe. Þannig er nafnið tilkomið. Þetta er einn fallegasti hluti Austur-Berlín- ar, og fór ekki jafn illa út úr stríð- inu og meirihluti borgarinnar. Flest húsín þar eru orðin yfir hundrað ára gömul. Þar lítur borgin út eins og hún eflaust gerði öll á fyrri tímum.

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALÐAN HÁTT

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurlugvöll

Alltaf laus sæti

www.flybus.is



Select

Auk áætlunarferða frá BSÍ stoppar Flugrútan einu sinni á hverjum morgni á eftirtöldum stöðvum Select og fer þaðan síðan beint út á flugvöll:

Select Vesturlandsvegi – kl. 05:00
Select Suðurfelli Breiðholti – kl. 05:10
Select Hagasmára við Smáralind – kl. 05-15
Áætlaður komutími í Leifstöð er kl. 05:50

flugrútan

BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.flybus.is



UNGRÚ INGVELDUR...
Fer til Tókýó

Ungfrú Ingveldur er stódd í leigubíl í Shibuya-hverfinu í Tókýó. Hún veifar rauðlökkuðum nöglum að bílstjóranum sem virðist ekki skilja eitt auka-tekið orð. „Four Seasons Hotel! You know, FOUR,“ segir hún hækandi og taugaveikluðum rómi á meðan hún horfir á endalaus götuskipti skrifuð upp á kanji. Hvílik mannvergð fyrir utan, og ekkert nema undarlegt ungt fólk með bleikt hár og í pönkaralegum fötum. Ingveldur er að fara að hitta nýja kærastann á hótelinu. Hann er ljósmyndari og er að mynda einhvern risatískuviðburð í borginni. „Ahhhhh! Fosíson hótél, Haj!“ jánkar allt í einu bílstjórinn brosandir. Þegar hún loks veltur inn um anddyrið með nýja svarta ferðatöskusetið sér hún hann í fjarska umkringdan sex feta háum og mjóum fyrirsætum. Ingveldur dæsir. Hún bjóst líka alveg við því að þetta yrði eins og kvikmyndin Lost in Translation. Hún er búin að horfa á hana þrisvar í röð og finnst hún vita allt um Tókýó. Auðvitað er bara spurning um að taka Scarlett Johansson á þetta og lifa á hótelnarum í viku. Kærastinn kyssti hana á ennið áður en hann þaut út en hún er að reyna að botna í öllum þessum tökkum á klósettinu. Hún ýtir á einn og heitur blástur geysist upp úr skálinni. Sá næsti sendir vatnsbunu beint upp í loftið og eyðileggur hárið. Hún ákveður að skella sér í heilsulind hótelsins og gera sig sæta, enda stór veisla fram undan í kvöld og um að gera að slá í gegn. Japönsku konurnar líta hana hornauga þegar hún afklæðir sig. Eins og hún sé með smitsjúkdóm. Það er æpt á hana þegar hún ætlar að stinga sér til sunds í ólýsanlega fallegri lauginni. Maður veifar hryllilega ljótri sundhettu og bendir reiður á hárið á henni. Voðalega er þetta fólk nojað eiginlega. Tveimur tímum síðar er Ingveldur stódd á gifurlega „trend“ bar klædd í stuttan kímonókjól frá Alexander McQueen (hún kann sig meðal framandi þjóða). Kæró hefur skilið hana eftir aleina eina ferðina enn og allir brosa afskaplega mikið til hennar. Ingveldi finnst ekki töff að brosa. Hún er með frosinn stút á meðan hún skellir í sig þriðja kampavínglasinu. Glötuð rokkhljómsveit byrjar að spila og einhver maður er alltaf að benda á gólfið fyrir neðan hana og brosa. Hún pírur niður gegnum kampavínsskýið og verður þess vör að gólfið er... spegill. Lífsseigt trend í Tókýó. Skelfingu lostin horfir hún aftur upp. Hún hefði betur ekki tekið Paris Hilton á þetta í kvöld.



FERÐIR MÍNAR

SIGTRYGGUR MAGNASON, RITHÖFUNDUR OG MARKAÐSSTJÓRI RIFF- ALPJÓÐLEGRAR KVIVYNDIAHÁTIÐAR Í REYKJAVÍK HÉLT Í SMÁSTUND AÐ HANN MYNDI FRELSAST Í KATALÓNSKU KLAUSTRI PANGAÐ TIL PAÐ REDDAÐIST.

ÞEGAR ÉG FERÐAST... þá sakna ég alltaf stinningskaldans.

PARADÍS FYRIR MÉR... er augnablikið sem ég man hvar ég er en gleymi hvert ég ætla.

ÉG FERÐAST ALDREI ÁN... moleskin-stílabókar, penna og tannbursta.

BESTI STAÐUR SEM ÉG HEF NOKKURN

TÍMA HEIMSÓTT... er líklega klaustrið í Montserrat. Í smástund hélt ég að ég myndi frelsast þarna efst í þessu katalónska fjalli. Svo reddaðist það.

UPPÁHALDSHÓTELID MITT ER... The Zetter í London. Toppsmart.

MINNISSTÆÐASTA MÁLTÍÐ SEM ÉG HEF

SNÆTT Á FERÐALAGI... eru sniglarnir á óvæntum veitingastaði í litlu þorpi við landmæri Spánar og Frakklands, mig minnir að þorpið heiti Latour-de-Carol.

SÍÐASTA FERÐIN SEM ÉG FÓR Í... var til London í framhaldsbrúðkaupsferð sem endar aldrei.

PEIR MINJAGRIPIR SEM ÉG KEM MED ÚR FERÐUM... eru í formi ísskÁPSSeGla og minninga.

sigtryggur magnason og sonur



VIRKJUM BESSASTAÐI

Það voru mikil gleðitíðindi að sjá Forseta Íslands handsala á Bessastöðum samkomulag við Mahmoud Abbas forseta palestínsku þjóðstjórnarinnar um friðarfund á Íslandi. Reyndar kom frumkvæðið ekki frá Ólafi Ragnari Grímssyni sem hefur því miður hefur verið seinn til að taka undir áskorun Friðar 2000 að Virkja Bessastaði til friðarmála og setið á forsetastóli í nær 12 ár aðgerðarlíttill hvað friðarmálin varðar.

Árið 2004 í aðdraganda forsetakosninga birtist á www.forsetakosningar.is opið bréf frá Holy Land Trust í Betlehem með áskorun um að embætti Forseta Íslands komi að friðarferlinu. Þetta var aðeins einn af þeim fjölmörgu sem ég ræddi við árið 2001 þegar ég dvaldi fimm vikur í Ísrael og Palestínu til að kynna hugmyndafræði Friðar 2000 fyrir stjórnmaláttum og félagsamtökum beggja þjóða. Hér varð til Alþingi Jerúsalem sem ég skora á bæði almennig, þingmenn og stjórnvöld að kynna sér á vefnum www.althing.org en hugmyndin að Alþingi Jerúsalem hefur víða fengið athygli og fjölda meðmæla bæði frá Palestínu og Ísrael.

Forseti Íslands gæti gegnt forystuhlutverki í friðarmálum á alþjóðavettvangi og lagt grunninn að nýjum og betri heimi fyrir komandi kynslóðir. Fáir hugmyndafræði Friðar 2000 aukinn meðbyr á næstu árum og áratugum gæti á Íslandi risið þróunarstofnun lýðræðis og stjórnstöð alþjóðlegs friðargæslulíðs sem gerði þjóðum mögulegt að leggja niður heri sína og gera varnarsamninga við hið alþjóðlega friðargæslulíð. Þótt margir hafi verið til að fordæma mig og hugmyndir mínar um að Virkja Bessastaði til friðarmála hefur hugmyndafræðin byrjað að skila sér í þjóðarvitundina:

Árangur af starfi og forsetaframboðum Ástþórs:



1995 – Stofnar samtökin Friður 2000. Flýgur með hjálpargögn og jólapakka með kvæðjum frá Íslenskum börnum fórnarlamba Chernobyl og stríðshjálra barna í Sarajevo. Hugmyndin verður öðrum hvatning og bilalestrir með hjálpargögn og slíka jólapakka berast næstu árin til Chernobyl og á stríðshjálra svæði með bilalestrum frá ýmsum stöðum.

1996 – Gefur út bókina "Virkjum Bessastaði" dreift á öll heimili landsins. Skorar á frambjóðendur að taka upp friðarmálin. Þegar enginn þeirra bregst við áskoruninni lýsir Ástþór sjálfur yfir framboði og notar síðan beinar sjónvarpsútsendingar til að fá Ólaf Ragnar Grímsson til að gefa kjósendum loforð um að beita embættinu í friðarmálum verði hann kjörinn. Forsetinn sveik kosningaloforið í 12 ár. Í aðdraganda kosninga tók Ástþór við Gandhi mannúðarverðlaunum og afhenti Clinton bandaríkjaforseta eintak af Virkjum Bessastaði.



1997 – Skorar á heimsbyggðina frá Baghdad að mótmæla fyrirhugaðri árás á Írak. Ástþóri tókst að koma skilaboðunum í gegnum CNN, ABC, CBS og nær alla heimspressuna í 5 daga samfleitt og margsinis sem aðalfrétt og forsíðufrétt í erlendum stórbliðum! 1998 er Ástþór sæmdu Heilögum Krossi Grísku Réttaráráðarkirkunnar að útnefningu UNESCO eftir að Clinton hætti við innrásina í kjölfar mikilla mótmæla.



2002 – Ráðamenn vilja að Ícelandair flytji vopn og hermenn fyrir Bush í Írakstríð. Ástþór sendir út viðvörn um hættulegt ódagot sem geti dregið Íslensk flugfélög inní hryðjuverkastríð. Þá fangelsaður en sýknaður af Hæstarétti. Hætt við að nota Ícelandair flugvélar til vopnaflutninga.

2006 – Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri stofnar Friðarstofnun Reykjavíkur. (Ástþór kynnti slíka hugmynd fyrir borgarstjóra árið 1995)

2007 – Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar undirritar samning um stofnun alþjóðlegs háskóla á Keflavíkurflugvelli er starfi að friðarmálum, kenni alþjóða- og öryggismál. (Ástþór kynnti hugmyndir að friðarháskóla á Íslandi árið 1997 eftir að fá stuðning við hugmyndina hjá fjölda fræðimanna erlendis, síðan í forsetaframboði 2004 og 2006 sendi bæjarstjóranum tillögu að slíkri starfsemi á Keflavíkurflugvelli).

2007 – Yogo Ono kom frá New York með friðarsúlu til Viðey (Ástþór kynnti Ísland sem land friðar á fjölda fyrirlestra í New York, Tokyo og víðar m.a. hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og hjá friðarháskóla S.P. Costa Rica yfir 9 ára tímabil 1995-2004).

2008 – Stjórnvöld samþykkja beiðni Palestínuranna um friðarfund á Íslandi og Forseti Íslands handsalar samkomulagið á Bessastöðum. Ástþór kynnti þessar hugmyndir í Palestínu og Ísrael árið 2001 og aftur fyrir nánum samstarfsmönnum Yasser Arafat árið 2004.

Forsetakosningar 2008

Þótt mikilvægur árangur hafi nú þegar náðst eigum við Íslendingar nokkuð í land með að laga til garðinn heima hjá okkur til að vera teknir alvarlega á alþjóðavettvangi.

Harka stjórnvalda og lögreglu í garð mótmælenda er áhyggjuvefni. Það olli t.d. almennri hneykslan víða um heim og meira en tíu þúsund mótmælabréf bárust stjórnvöldum frá þingmönnum og félagsamtökum í meira en 30 löndum þegar ég var fangelsaður og átti að dæmast í 16 ára fangelsi að beiðni Ríkislögreglustjóra fyrir friðsamleg mótmæli með tölvupósti gegn því að Íslenskar flugvélar tæku þátt í vopnaflutningum til ólögmæts stríðsreksturs í Írak. Slagsmál lögreglu við vörubílstjóra síðustu daga minna á að tvo þarf til að deila og að hugsanlega þurfi dómsmálaráðherra, lögreglan og fleiri landsmenn að endurskoða vinnubrögðin. Ég hef t.d. aldrei á minni lífsævi lent í slagsmálum þrátt fyrir að hafa oft notað ógrandi aðferðir við að koma málstaðnum á framfæri svo sumum þykir of um.

Þá hefur að undanförunni verið alvarlega vegið að lýðræði á Íslandi. Ummæli oddvita yfirkjöristjórnar stærsta kjördæmis landsins um mitt framboð í fjölmöldum eru enn til umfjöllunar hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík. Áður en tekið hefur verið á því máli af hálfu stjórnvalda í samræmi við stjórnarskrá væru forsetakosningar í raun sviðsett lýðræði – sjá nánar á www.forsetakosningar.is. Hagsmunagæsla einstakra fjölmíðla fyrir sitjandi forseta hefur verið með þeim hætti í aðdraganda kosninga að hætt er við að framboð mitt á sama tíma og undirbúningur er hafinn hjá Stjórnvöldum og Forsetaembættinu um friðarfund á Íslandi gæti skaðað málstaðinn. Skemmt er að minnast aðfór Stöðvar2 í byrjun árs gegn hugsanlegu mótframboði og 2004 þegar hingað komu heimspekkir fræðimenn í friðarmálum. Þeir voru úthýstir frá Stöð2 og aðrir klipptu úr viðtölum boðskapinn um mitt framboð til að Virkja Bessastaði til friðarmála. Önnur fjölmiðlun var með svipuðum hætti undir bumbuslætti af endalausum lygabvælum í DV og þannig útlokað að koma boðskap forsetaframboðsins ósekktum til þjóðarinnar.



Við ofangreindar aðstæður tel ég heillavænlegast fyrir málstað Friðar 2000 að taka ekki þátt í forsetakosningum í sumar. Ég skora á Ólaf Ragnar Grímsson að nota nú það einstaka tækifæri sem honum hefur borist á silfurafati frá Palestínu til að Virkja Bessastaði!

Ástþór Magnússon

www.forsetakosningar.is



LANDSVÆÐI TEMPELHOF FLUGVALLARINS Eins og sjá má á myndinni er mikið landsvæði sem fer undir flugvöllinn, en í dag er kosið um framtíð hans í Berlín.

NORDICPHOTOS/AFP

HEFND GYÐINGSINS



RONALD GEFUR PÁFANUM GJÖF Hugsanlega ætlaði Ronald S. Lauder að stríða nasistunum með því að gera mikilmennskubrjálæðislegan flugvöll Hitlers að sjúkrahúsi.

NORDICPHOTOS/AFP

Snyrtivörurinn Estée Lauder bauðst til þess árið 2006 að breyta Tempelhof-flugstöðinni í einkarekið sjúkrahús. Halda átti eftir einni flugbraut þar sem auðugir sjúklíngar gætu lent og komist snögglega undir læknishendur.

Þetta var hugmynd Ronalds S. Lauder, erfingja að Lauder-veldinu, en hann er einnig þekktur fyrir að vera forseti heimsþings gyðinga.

Maðurinn sem þannig reyndi að kaupa flugvöll Hitlers er frægur fyrir að hafa kostað meðal annars endurbætur á Auschwitz-útrýmingarbuðunum og að styrkja háskóla gyðinga.

Ef til vill var hugsunin sú að breyta þessu tákni þriðja ríkisins og eyðileggjarinnar sem því fylgdi í huggulegt hjúkrunar- og uppbygg-ingarrými fyrir gyðinga.



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

**HEILBRIGÐISDEILD
IÐJUÞJÁLFUN**

og héraðsstjórn á móti sér og – þangað til nýlega að minnsta kosti – ríkisstjórnina líka, segir Pereira að með hverjum deginum vinni málstaður þeirra ný lönd.

„Og nú er borgarstjórnin farin að nótta út af þessu. Nýlega sagði meira að segja einn fulltrúi kommúnista, sem stjórn borginni með jafnaðarmönnum, að taka yrði mark á niðurstöðu kosninganna! Það er því borgarstjórnin einn sem lætur eins og flugvöllurinn fari, burtséð frá kosningunum [sem eru ekki bindandi].“

Enda eru rökin okkar megin. Við höfum reiknað út að það sé vel hægt að reka þennan flugvöll með hagkvæmum hætti eins og City-flugvöllinn í London,“ segir Pereira.

Andstæðingarnir hafi hins vegar ekki hugsað lengra en svo að þeir vilji völlinn burt og almenningsgarð í staðinn. Þeir hafi engan fjárfesti til að hrinda þeim áætlununum í framkvæmd.

„Og svo er einungis hægt að selja hluta landsins undir húsnæði. Það má ekki gleyma því að þetta hefur verið flugvöllur í átta tíu ár [síðan 1923] og þarna hefur verið athafnasvæði hersins. Jarðvegurinn er því án efa mengaður. Það er ekki ókeypis að hreinsa hann upp.“

Spurningin er því hvað hinn vin-



TÓMLEG FLUGSTÖÐ HITLERS Farþegum fækkar stöðugt á Tempelhof-velli og fer nú lítið brot flugumferðar borgarinnar um hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

sæli borgarstjóri Berlínar geri, takist kosningavél flugvallarsinna að fá Berlínarbúa til að ganga gegn vilja hans.

Akvæði um slíkar borgarakosningar eru nýmæli í lögum Berlínar og því lítil reynsla af þeim. Þær voru bannaðar samkvæmt stjórnarskrá Dýskalands eftir seinna stríðið. Spurningin er hvort lýðurinn fái að ráða, til góðs og illis.



Ég var mjög ánægður með námsdvöl mína í HA, bæði hvað varðar námið og félagslífið. Námið var fjölbreytt og skemmtilegt og býður upp á fjölbreytta starfsmöguleika eftir útskrift.

Ólafur Örn Torfason,
Forstöðumaður áfangheimila fyrir geðfatlaða á Akureyri

Kynntu þér nám í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri á www.haskolanam.is

Verzlunarstjórnar og heimskar hænur

Matvæli vikunnar voru klárlega egg, þótt öllu jafna sé þjóðin frekar í því að steikja þau og sjóða en kasta uppi á Norðlingaholti. Af því tilefni hringdi *Júlía Margrét Alexandersdóttir* í nokkra góða menn og konur og fékk þau til að segja sér hvað þeim dytti í hug þegar þau heyrðu orðið egg.

HEIÐAR JÓNSSON SNYRTIR



Pegar ég heyrir orðið egg dettur mér í hug...

...hellingur af kólesteróli. Ég var nefnilega mikill eggjamaður á yngri árum, en ég hef aðeins vanið mig af því. Ég er náttúrulega alinn upp í sveit þar sem hænur verpu eggjum, ég þurfti að sækja eggin út í hænsnakofa og egg léku því stórt hlutverk í æsku minni. Ég uppgötvaði það hins vegar strax í æsku að ef þú setur strá fyrir framan hænu þá fer hún ekki yfir það, því hún veit ekki hvað er hinum megin. Og ef það er eitt-hvað sem hefur alltaf farið í taugarnar á mér þá er það þröngsýni og heimska hjá fólk. En hænna, já – hún toppar það allt.



ÓMAR R. VALDIMARSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI

...frjóvgað egg konunnar minnar. Í dag, laugardaginn 26. apríl, eru liðnar 40 vikur frá þessum orlagaríka hittingi erfðafna okkar og lítið bólar á frumburðinum. Fram að þessum degi höfum við verið sannfærð um að ófædd dóttir okkar myndi koma í heiminn á undan tímanum – að hún kæmi okkur svolítið á óvart – en allt kemur fyrir ekki. Svo nú biðum við og biðum. Biðin býður þó upp á margt skemmtilegt. Við erum til dæmis búnir að fara ítrekað yfir þá hluti sem við ætlum að taka með okkur á fæðingardeildina og þá höfum við fundið upp 99 nýjar leiðir til þess að segja vinum og vandamönnum að „það sé ekkert að gerast“ og að þetta „sé allt að koma“. Ennþá erum við þó róleg. Við erum nefnilega bæði viss um að á endanum muni þetta egg klekjast.



Pegar ég heyrir orðið egg dettur mér í hug...



SILJA BÁRA ÓMARSÐÓTTIR STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR



Pegar ég heyrir orðið egg dettur mér í hug...

...atvik þegar ég var átta ára gömul. Þabbi var úti á sjó og allir lágu í flensu nema ég. Ég ákvað að reyna að færa fólkinu eitthvað að borða og eitt af því sem ég kunnir að elda var spælt egg. Ég tek fram eggin og byrja að steikja, og úr einu þeirra vellur hálfmótadur ungi. Ég þarf varla að taka það fram að mér varð mikið um og dró mömmu fárveika fram úr rúminu til að reyna að skafa ungan af pönnunni. Ég borða mikið af eggjum í dag og finnst þau mikill herramannsmatur en ég borðaði ekki egg lengi vel eftir þetta og það tók nokkur ár að venjast þeim aftur.



ÓLAFUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR



...risavaxin amerísk páskaegg. Þegar ég var tíu ára gamall giftist systir mín manni sem hafði búið um nokkurt skeið í Bandaríkjunum. Hann gegndi síðar herþjónustu uppi á velli og var um tíma túlkur hjá bandaríska hernum. Hann hafði aðgang að þessum líka tröllauknu páskaeggjum sem voru sextíu til sjötu sentimetrar á hæð. Yfir eina páskahátíðina fékk frændi minn að gista hjá okkur, en þá var það ekki síður að leitað væri að páskaeggjum heldur var þeim stillt upp fyrir framan rúmið þannig að þau voru það fyrsta sem maður sá þegar maður vaknaði. Þegar ég opnaði augun um morguninn beið mín tröllaukið, „monster“-egg við rúmstokkinn en frændi minn, sem var utan af landi, fékk sigilt íslenskt egg í minna lagi. Hann leit á sitt og sagði: „Helvítis skíta litla egg er þetta“. Hann leit síðan á mitt og stundi: „Þitt egg er rosalegt.“ Og svo sofnuðum við báðir aftur, misjafnlega sáttir.



Pegar ég heyrir orðið egg dettur mér í hug...

VALDÍS GUNNARSDÓTTIR ÚTVARPSKONA




Pegar ég heyrir orðið egg dettur mér í hug...

...Ella í húsinu á móti, en það er hún Elín María Björnsdóttir sem er verzlunarstjóri hjá verzluninni Egg. Þar fyrir utan dettur mér auðvitað í hug eggjakast vikunnar þar sem Lára Ómarsdóttir missti vinnuna sem mér finnst auðvitað skelfilegt, sá frábæri fréttamaður sem hún er. Sem fjölmiðlakona veit ég að á svona ögurstumum lætur maður eitthvað út úr sér sem maður meinar ekki eða getur lent í óheppilegri atburðarás. Get ég til dæmis nefnt það þegar ég var send niður í bæ á fyrsta degi bjórsins á Íslandi til að fara á milli kráa í beinni útsendingu og kanna stemninguna. Fyrir utan staðina var svo bíll með tæknimönnum og ég var með víra, míkrafón og allt það innan á mér. Hvert sem ég fór var mér auðvitað réttur bjór og þótt ég hafi ekki drukkið nema nokkra sopa á hverjum stað þurfti ég auðvitað að fara reglulega á klósettið. Og ég fór auðvitað inn á klósett með vírana og allt saman án þess að fatta neitt – strákunum í bílnum, Sígga tæknimanni og fleirum, til mikillar skemmtunar. Ég fattaði svo ekki neitt fyrr en í lok kvölds.



ÚLFAR FINNBJÖRNSSON MATREIÐSLUMAÐUR

...alveg heill hellingur. Egg hafa fylgt mér alla tíð. Til dæmis var þetta það fyrsta sem ég eldaði í gamla daga þegar mamma fór að vinna úti og skildi mig, átta ára guttann, eftir heima, þá spældi ég þau, gerði ommelettur og alls kyns kúnstir. Svo er ég í dag með einar sex varptegundir í garðinum, þar á meðal lynghænur sem verpa einu kólesterólfrúu eggjunum í heiminum, þannig að við fjölskyldan sitjum oft á kvöldin og borðum þau egg í bunkum, enda eru lynghænu eggin mjög lítil. Þess vegna er svolítið vinna að borða þetta. Annars hef ég alltaf verið mikill eggja- og fuglamaður og í sveitinni í gamla daga var hreinlega allt tínt og borðað - jafnvel lóu- og mávsegg.



Pegar ég heyrir orðið egg dettur mér í hug...

ÚTSALA ÁRSINS

LOKADAGUR ÚTSÖLUNAR ER Í DAG • OPIÐ 13-17

**50%
AFSLÁTTUR**
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF YFIR 1000
TÖLVUVÖRUM

**OPIÐ
Í DAG
13-17**

**0%
VEXTIR**
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Á ÖLLUM TÖLVUM

FYRSTA GREIÐSLA
1 ÁGÚST
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI

**FRÍTT
HEIM AÐ
DYRUM***
HVERT Á LAND
SEM ER

* Þar sem Pósturinn býður upp á þá þjónustu annars á næsta pósthús

Tilboð gilda dagana 25-27 apríl eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsáttarverð birt með fyrirvara um villur.

**LOKADAGUR
ÚTSÖLUNAR**

**OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG
13:00 - 17:00**



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

STÆRSTI LEIKUR ALLRA TÍMA ER AÐ KOMA
VILTU FYRSTA EINTAKIÐ?

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind kv. þavogi. Með því að taka þátt í SMS-keppni í SMS-útdöb. 199 kr. á keyrið.

ARÁLVINNINGUR ER
GTA IV SPECIAL
EDITION!
12
KVER VINNINGUR!

BT

SENDU SMS BTL GTA
Á NÚMERIÐ 1900
OG SVARADU EINNI SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
AUKAVINNINGAR: GTA IV LEIKURINN · KIPPUR AF EGILS ÖRKU
DVD MYNDIR · BOLUR FRÁ ÖRIM OG FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM
GTA IV LENDIR Í BT 29. APRÍL!

STUÐ MILLI STRÍÐA Bölvuð og blessuð tæknin

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR ÆTLAR AÐ PRÓFA AÐ SLÖKKVA Á SÍMANUM OG TÖLVUNNI



Þær eru ekki margar stundirnar nú til dags sem við eyðum án tækja og tóla. Sjónvörp, tölvur og símar eru bara dæmi um hluti sem eru ótrúlega stór hluti af tilverunni, eiginlega oft of stór hluti. Að minnsta kosti er það svoleiðis hjá mér.

Ég hugsa að það sé kveikt á tölvunni minni að minnsta kosti helming þess tíma sem ég er vakandi á hverjum degi. Reyndar á ég auðveldast með að réttlæta notkun mína á tölvunni af öllum tækjum, því ég nota hana nú einu sinni bæði við vinnu og skóla. Þar fyrir utan geymir hún alla tónlistina mína og er því oft notuð í þeim tilgangi að spila hana þar sem ég bý ekki svo

vel að eiga geislaspilara eða aðrar græjur.

Með þessu er ég búin að réttlæta einhvern hluta tölvunotkunarinnar, en sannleikurinn er sá að mestur tíminn fer í eitthvað allt annað. Til dæmis finnst mér ég hálf vængbrottin ef ég kemst ekki á helstu fréttasíðurnar á netinu með reglulegu millibili. Svo þarf auðvitað að skoða tölvupóstinn á hverjum degi, nokkrum sinnum á dag, og það duga ekki færri en fjögur mismunandi tölvupóstföng til þess. Fyrir utan þetta er nauðsynlegt að kíkja á Facebook og Myspace svo maður sé alveg örugglega ekki að missa af neinu.

Það líður líka varla sá dagur að ég horfi ekki á sjónvarpið. Og það er sko ekki vegna þess að það sé

svo gríðarlega mikið af vönduðu og skemmtilegu sjónvarpsefni í boði. Það er bara vani, alveg eins og það að skilja farsímann ekki við sig nema um borð í flugvél. Það er nefnilega bráðnaudsynlegt að það sé hægt að ná tali af manni, allan daginn og alla daga.

Það var algjörlega óvart sem ég ánetjaðist þessum tækjum. Það er nefnilega nákvæmlega það sem gerðist, þetta varð að hálfgerðri fíkn og ég hef sterkan grun um að ég sé sko alls ekki ein um þetta. Með sumrinu er ég samt að hugsa um að berjast gegn þessu, slökkva stöku sinnum á símanum og tölvunni og sjá hvort það sé ekki alveg hægt að lifa án tækjanna, í smá stund.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



ftr.

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2008 kl. 18 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Lagabreytingar

Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.

Önnur mál.

Stjórnin

www.ftr.is

„Ég ólst upp við að fylgjast með Lindsay. Það fékk mig til að langa til að gera það sem hún gerir.“

ALIANA LOHAN
Ófarir Lindsay Lohan virðast eitthvað hafa farið fram hjá litlu systur hennar.



„Lít ég út fyrir að hafa borðað tíu ostborgara eða hvað?“

ASHLEE SIMPSON
Viðbrögð söngkonunnar við spurningu Ellenar DeGeneres um hvort hún væri ólétt, en Simpson hefur ekki enn neitað þeim þráláta orðrómi.



„Ég hef persónulega farið fram á að ég standi ekki við hliðina á Naomi af því að Amanda myndi ekki vilja sjást með svona hávaxanni, fallegri manneskju.“

BECKI NEWTON ÚR UGLY BETTY
Flestir hefðu óttast eitthvað annað en óhagstæðan samanburð ef þeir stæðu við hlið ofurfyrirsætunnar uppstökku, Naomi Campbell, sem verður gestaleikari í Ugly Betty.



fólk
folk@frettabladid.is

Heimilislaus og skuldugur

Þegar Pete Doherty verður sleppt úr fangelsi eftir nokkrar vikur mun hann þurfa að finna sér nýtt heimili og friða alla þá sem skuldar háar fjárhæðir.

Pete Doherty verður heimilislaus þegar hann sleppur úr fangelsi eftir nokkrar vikur. Leigusali Dohertys ku hafa litið við í íbúðinni á dögunum til þess að athuga ástandið og brugðið allverulega í brún. Hann rifti því leigusamningnum samstundis. The Mirror greinir frá því að veggir, gólf og sumir gluggar í íbúð Dohertys hafi verið þaktir blóði, en auk þess hafi Doherty skilið eftir níu ketti í íbúðinni, sem mikinn ódaun lagði af þegar leigusalinn leit þar inn.

„Pete er heimilislaus, blankur og skuldar dópsölum þúsundir punda. Hann eyðilagði staðinn með því að krotta á veggina, gólf-ið, hvar sem hann langaði til. Fallegu, þungu gluggatjöldin voru rifin niður og kettirnir hlaupa bara um einir og yfirgefnir,“ segir heimildarmaður The Mirror.

Doherty ku vera í miklum fjárhagsvandræðum, og samkvæmt The Mirror hafa þeir látið greiðar sópa í íbúð Petes, í von um að fá þannig eitthvað af þeim fjármunum sem hann skuldar þeim.

Það er þó ekki öll von úti fyrir Doherty, því Stefano Passantino, sérstakur velgjörðarmaður hans, hefur sett á fót sjóð til styrktar Pete Doherty, sem er ætlað að hjálpa honum að koma fótunum



ERFÍÐIR TÍMAR FRAM UNÐAN Pete Doherty mun vera heimilislaus og þurfa að sefa fjöldann allan af fólki sem hann skuldar stórfé þegar hann losnar úr fangelsi í næsta mánuði.

NORDICPHOTOS/GETTY

undir sig á nýjan leik þegar hann losnar úr fangelsi í næsta mánuði. Fyrr á árinu bauð Stefano Doherty fimm þúsund punda greiðslu fyrir myndatöku fyrir heimasíðu sína, þar sem Stefano selur fót. Samningar náðust ekki, þar sem umboðsmaður Dohertys fór fram á 30 þúsund punda greiðslu fyrir tókuna.

„Ég er mikill aðdáandi sem vill

sjá þennan hæfileikaríka strák fá alla möguleika til að koma fótunum aftur undir sig,“ segir Stefano. „Ég vil sjá Pete flytja og semja nýtt efni í mörg ár enn. Ég geri hvað ég get til að hjálpa Pete til að geta sagt skilið við fortíðina. Ég skal útvega honum vinnu, fæða hann og klæða – en ég mun ekki þvo honum, það er til of mikils ætlast,“ segir Stefano.



AÐALFUNDUR FÍS

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2008 verður haldinn að Stórhöfða 31, 4.hæð (gengið inn að neðanverðu) Þriðjudaginn 29.apríl kl. 18.00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreyting: 6.kafli 32.gr Stjórn og trúnaðarráð er kosið til 2 ára. (kosningar verða annað hvert ár)
3. Önnur mál

Stjórn Félags ísl. símamanna



TÓNMENTASKÓLI REYKJAVÍKUR

Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2008-2009 stendur yfir frá 28. apríl – 9. maí.

Innritaðir eru:

1. Nemendur fæddir 2002 (6 ára) í Forskóla I
 2. Nemendur fæddir 2001 (7 ára) í Forskóla II
 3. Nemendur á aldrinum 8-10 ára sem eru teknir beint í hljóðfæranám, án undangengins forskólanáms.
- Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri:
- Málmblasturshljóðfæri, þ.e. trompet, básúnu, barytón, horn og túbu.
 - Tréblásturshljóðfæri, þ.e. þverflauta, klarinett, saxófón og fagott.
 - Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu, selló og gítar.
 - Einnig er til takmarkað pláss á píanó, harmóníku og ásláttar hljóðfæri.
 - Einnig er innritað í fiðluforskóla (5-6 ára börn)

ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER TAKMARKAÐ.

Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 12:30-16:30 virka daga. Síminn er 562-8477.

Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna. Til að tryggja endanlega að innritun sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemandann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðunum www.reykjavik.is eða www.grunnskolar.is eftir 9. maí eða biðja skrifstofu Tónmenntaskólans um aðstoð komi erfiðleikar í ljós.

Skólastjóri

LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 27. apríl, kl. 19 á Hótel Sögu, Súlnasal

Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna. Boðin verða upp um það bil 130 listaverk.



Karólína Lárusdóttir



Kristján Davíðsson

Öll verkin eru sýnd í Gallerí Fold við Rauðarárstíg sunnudag 12-17.

Hægt er að skoða uppboðsskrána með myndum á vefslóðinni myndlist.is.

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA
fold

Gleðilegt sumar

Styrkja tónlistarsafn Jóns Kr.

Margir af vinsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar koma fram á tvennum tónleikum á Hótel Sögu 2. og 3. maí til styrktar tónlistarsafni söngvarans Jóns Kr. Ólafssonar á Bíldudal.

Á meðal þeirra sem stíga á svið verða Raggi Bjarna, Sprengjuhöllin, Egill Ólafsson, Valgeir Guðjónsson, Rúnar Júlíusson og Álftageröisbræður. „Það er gaman að segja frá því að þegar ég var að hringja í þessa listamenn tóku allir mjög vel í þetta,“ segir André Bachmann, einn af skipuleggjendum tónleikanna. „Hann Jón er orðinn löggildur ellilífeyrisþegi og á gríðarlega stórt safn sem hann hefur orðið lítið pláss fyrir. Það þarf að halda þessu við og sinna þessu,“ segir hann.

Jón Kr., sem á fimmtíu ára söng-afmæli í ár, stofnaði safnið

Melódíur minninganna árið 2000 án opinberrar aðstoðar eða styrkja og hefur það að geyma ómetanlegar minningar úr tónlistarsögu landsins. Safnið er tileinkað fjölda tónlistarfólks, þar á meðal Hauki Morthens, Helenu Eyjólfsdóttur, og bræðrum Ingimari og Finni Eydal.

Jón Kr. var söngvari í danshljómsveitinni Facon og einn af fjórum stofnendum hennar árið 1962. Hann söng einnig í hljómsveit Jóns Ástvaldar Hall Jónssonar og hefur komið fram og sungið á óteljandi skemmtunum á Bíldudal, í Reykjavík og víðar um landið. Eitt þekktasta lagið sem Jón Kr. hefur sungið er „Eg er frjáls“ eftir Pétur Bjarnason sem kom út árið 1969.

Hægt er að fá miða á styrktar-tónleikana á mid.is.



JÓN KR. ÓLAFSSON Styrktartónleikarnir verða haldnir í Súlnasal Hótel sögu 2. og 3. maí næstkomandi.

Þrjátíu myndir á Skjaldborg

Um þrjátíu heimildarmyndir verða sýndar á kvikmyndahátíðinni Skjaldborg sem verður haldin í annað sinn á Patreksfirði hvítasunnuhelgina 9. til 12. maí.

Gunnar Theódór Eggertsson, einn af skipuleggjendum Skjaldborgarhátíðarinnar, er afar ánægður með vöxt hátíðarinnar. „Ef fram heldur sem horfir verður hún ansi stór á næsta ári,“ segir Gunnar. „Patreksfirðingar eru mjög kátir með að halda þessa hátíð og það er mikil stemning í bænum í kringum hana. Það eru haldnar grillveislur, boðið upp á stangveiði og haldið sveitaball. Það er ekki alveg komin sama hefð fyrir því að halda kvikmyndahátíðir úti á landi eins og er með tónlistarhátíðir en það stendur vonandi til bóta.“

Stysta myndin á hátíðinni er þrjár mínútur en sú lengsta er í fullri lengd. „Hvað efnistökin varðar eru myndirnar eins fjölbreyttar og þær eru misjafnar að lengd,“ segir Gunnar og bætir því við að aðgangseyrir sé enginn.

Á meðal mynda í boði verður heimildarmynd um Sæluhelgina á Suðureyri, mynd um rokksvéitina



MANSA-SÆLAN 20 ÁRA Heimildarmyndin Mansa-Sælan 20 ára fjallar um Sæluhelgina á Suðureyri.

Mínus, mynd um plötusnúðinn Illuga Magnússon og heimildarmynd um Kúbu sem var tekin upp þar í landi sumarið 2006.

Opunarmynd hátíðarinnar verður The Gates eftir heiðursgestinn Albert Meysles. „Það er alveg stórmerkilegt að hann sé að koma. Hann er mikil göðsögn í heimildarmyndabransanum og hefur gert myndir í hálf á öld,“

segir Gunnar. Á afrekaskrá hans er meðal annars myndin Gimme Shelter um The Rolling Stones frá árinu 1970, auk þess sem hann tók upp öll baksviðsatriðin fyrir heimildarmynd Martin Scorsese um Stones, Shine A Light.

Nánari upplýsingar um Skjaldborg má finna á www.skjaldborg-filmfest.com.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!		FORSÝNING		NÝTT Í BÍÓ!	
HANN ER RANGLÉGA SAKAÐUR UM MORD OG GERIR HVAD SEM ER TIL AÐ NÁ FRAM RÉTTLETTI! 				ÞÉÐ VAR SPARKAÐ TARTU ÞVI ENIG OG MÁGUR 	
16		16		12	
LÚXUS		FORSÝNING		SV. MBL	
16		16		7	
HORTON		BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU		THE KING OF KONG	
16		12		16	
16		7		16	

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
STREET KINGS kl. 3-5:30-8-10:30 16	THE RUINS kl. 8-10 16
STREET KINGS LUXUS kl. 3-5:30-8-10:30 16	VANTAGE POINT kl. 8-10:10 16
FORGETTING SARAH MARSHALL kl. 5:30-8-10:30 12	THE BAND'S VISIT kl. 3-6 ENSKUR TEXTI
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU kl. 1-2:30-4 12	THE KING OF KONG kl. 3-6-8 ISLENSKUR T
21 kl. 5:20-8-10:35 12	TROPA DE ELITE kl. 3-5:30-8-10:20 ENSKURT 16
SUPERHERO MOVIE kl. 1-4-6-8-10 7	CARAMEL kl. 3-6 ENSKUR TEXTI
HORTON kl. 1-3 ISLENSKT TAL	WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 8 FORSÝNING
	MADE OF HONOUR kl. 10:15 FORSÝNING
HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919	BORGARBÍÓ Sími 462 3500 650 kr. í bíó!
STREET KINGS kl. 3:30-6-8:30-11 16	STREET KINGS kl. 8-10 16
AWAKE kl. 8-10 16	FORGETTING SARAH MARSHALL kl. 8-10 12
21 kl. 3:20-6-9 12	BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU kl. 3:20-4:40 7
SUPERHERO MOVIE kl. 3:30-6 7	SUPERHERO MOVIE kl. 6 7
DOOMSDAY kl. 10:20 16	HORTON kl. 4 ISLENSKT TAL 7
BRÜGGUMINN kl. 6-8 7	THE SPIDERWICK CHRONICLES kl. 6 7
HORTON kl. 3:30 ISLENSKT TAL	
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMÍÐANN Á mid.is	FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMÍÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

Nýtt í bíó		LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus	
550 Kr.		550 Kr.	
LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR			
DRILLBIT TAYLOR	kl. 4, 6, 8 og 10	L	L
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 og 10:15	12	L
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 2, 4 og 6 - 550 kr.	L	L
DEFINITELY, MAYBE	kl. 8 og 10:15	L	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2, 4 og 6	7	L
HORTON	kl. 2	L	L

SAMBIO.is SAMBÍÓN			
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS			
Frá höfund/framleiðanda SUPERBAD og KNOCKED UP			
ÁLFABAKKA		SELFOSS	
DRILLBIT TAYLOR	kl. 2-3:30-5:40-8-10:20	10	
DRILLBIT TAYLOR	kl. 8-10:20	VIP	
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 3-5:30-8-10:30	16	
FORGETTING SARAH...	kl. 3:30-5:40-8-10:30	12	
SHINE A LIGHT	kl. 8-10:30	L	
SHINE A LIGHT	kl. 3:15-5:30	VIP	
FOOL'S GOLD	kl. 5:40-8-10:20	7	
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 1:30-4:20-6:10	L	
STEP UP 2	kl. 1:30-3:30	7	
KRINGLUNNI		AKUREYRI	
OVER HER DEAD BODY	kl. 1:50-3:40-5:50-8-10:10	7	
P2	kl. 8-10:10	16	
STÓRA PLANIÐ DIGITAL	kl. 4D-6D-8D-10D	10	
JUNO	kl. 6	7	
HANNA MONTANA 3D-DIGITAL	kl. 2 (3D)	L	
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 2-4	L	
KEFLAVÍK		AKUREYRI	
FORGETTING SARAH...	kl. 8-10:20	L	
21	kl. 10	12	
HEIDIN	kl. 8	7	
THE RUINS	kl. 10:10	16	
BUBBI BYGGIR ISL TAL	kl. 4-6	L	
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 4-6	7	
SparBíó 550kr			
Á ALLAR SÝNINGAR MERTAR MEÐ APPELSINGUGULU			

26. og 27. apríl		SparBíó 550kr		SAMBIO.is	SAMBÍÓN
		laugardag og sunnudag		REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS	
DRILLBIT TAYLOR KL. 2 Í ÁLFABAKKA	OVER HER DEAD BODY KL. 1:50 Í KRINGLUNNI	FORGETTING SARAH MARSHALL KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA	HANNA MONTANA KL. 2 Í KRINGLUNNI ATH. SYND Í 3-D	UNDRAHUNDURINN MÍSL TALU KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Í KRINGL.	STEP UP 2 KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

TILBOÐSVERÐ					
SMÁRABÍÓ	REGNBÖGINN	HÁSKÓLABÍÓ			
KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 3.20 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ	

Sími: 553 2075		Ódýrt í bíó	
Bubbi Byggir í Villta Vestrinu		SPIDERWICK CHRONICLES	
ATH. SYND KL. 2		ATH. SYND KL. 2	
ISLENSKT TAL		HORTON	
ATH. SYND KL. 2		ATH. SYND KL. 2	
450 kr. á fyrstu sýningar dagsins			

FRÉTTIR AF FÓLKI

Pete Wentz, hljómsveitar meðlimur Fall Out Boy og kærasti **Ashlee Simpson**, vakti athygli á þeim hörmungum sem námsgroftur eftir demöntum hefur valdið í Kongó, þar sem coltan-demantar eru notaðir til að fjármagna stríðsrekstur, á NME-verðlaunahátíðinni í vikunni. „Fólk verður að passa hvað það kaupir,“ sagði Wentz, og ítrekaði að trúlofunarhringurinn sem hann keypti nýlega handa unnustu sinni væri ekki prýddur slíkum demöntum.

Carmen Electra hefur tekið bónorði kærasta síns, rokkarans **Robb Patterson**, en hann bað fyrirsættunnar um síðustu helgi, þegar parið fagnaði 36 ára afmæli hennar í Las Vegas. Hjóna-bandíð verður hið þriðja á ferli Electra, sem var áður gift körfubolta-kappanum **Dennis Rodman** og rokkaranum **Dave Navarro**. Fyrirsættan ku einnig hafa hug á að stofna fjölskyldu með Patterson sem allra fyrst.

Falskur fugl á hvíta tjaldið

Stefnt er að því að hefja tókur í vetur á kvikmynd sem byggir á bók Mikael Torfasonar, Fölskum fugli. Leikstjóri er Þór Ómar Jónsson. Fjármögnun er komin vel á veg.


„Það hittist svo skemmtilega á að Mikki var að endurútgáfa bókina. Handritið er tilbúið og við ætlum að reyna að fara í tókur í vetur. Sagan gerist einmitt í kringum jólin,“ segir Jón Atli Jónasson rithöfundur með meiru.

Til stendur að gera kvikmynd sem byggir á bók Mikael Torfasonar, Fölskum fugli, sem kom út fyrir tíu árum. Þótti hún marka tímamót. Jón Atli, sem skrifar handritið, segir fjármögnun komna vel á veg en Þór Ómar Jónsson mun leikstýra myndinni. Þetta er hans fyrsta mynd í fullri lengd en Þór Ómar er hins vegar enginn nýgræðingur í kvikmyndagerð. Hann hefur starfað sem aðstoðarleikstjóri og eftir hann liggur fjöldi auglýsinga. Jón Atli segir það hafa verið lengi í deiglu að ráðast í gerð kvikmynda sem byggir á Fölskum fugli.

„Þetta er kröftug bók og handritið heppnaðist vel. Þegar bókin kom út var það ákveðin bylting. En efni hennar á alveg jafn vel við núna, ef ekki betur. Hún er spöttin upp úr veruleika sem enn er. Við höfum séð dæmi þess að ungt fólk sem á framtíðina fyrir sér, skortir ekkert, hvorki menntun né góðar fjölskyldu-ástæður, leiðist út í tóma vitleysu. Íslenskur fjölskylduharmleikur sem verður til í samskiptaleysi og tómarúmi. Steypan sem er í gangi er svakaleg. Hvaðan kemur allt þetta ofbeldi? spyr Jón Atli.

Handritshöfundurinn segir ekki búið að skipa í hlutverk, segir það geta reynst slungið því bókin fjallar um unglunga.

Mikael segir bókina ekki hafa verið skrifaða með það í huga að hún yrði kvikmynd. Bækur eru miskvikmyndavænar og það hafi ekki runnið upp ljós fyrir en eftir á að Falskur fugl væri vel til þess fallin að byggja kvikmynd á. „Ég hugsaði reyndar að ég væri að skrifa bók fyrir mína kynslóð, kvikmyndakynslóð sem upplifir veröldina myndrænt. Samúel er til dæmis þannig að það er nánast ekki hægt að kvikmynda hana en þessi er spennandi. Hardcore. Hún fjallar um Arnald Gunnlaugsson, hefndaraðgerðir og



MIKAEL TORFASON Falskur fugl verður örugglega „blockbuster“-spennmynd að sögn höfundar sem nýverið endurútgaf bókina undir merkjum nýs forlags. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hefndarhug hans í garð kennara sem hann telur bera ábyrgð á dauða bróður síns.“

Mikael og Jón Atli eru félagar frá fornu fari og voru meðal annars saman með útvarpsþátt á gamla X-inu sem hét 5. janúar. Sjálfur hefur Mikael fengist við kvikmyndagerð og leikstýri einni bíómynd sem hét Gemsar og var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2002.

„Nei, ég myndi ekki segja að sú mynd sé skyld Fölskum fugli. Það var meira tilraunakennt „arthouse“ meðan Falskur fugl verður örugglega „blockbuster“-spennmynd,“ segir Mikael. Hann hefur nú stofnað nýtt bókaforlag og fyrsta bókin sem það gefur út er einmitt Falskur fugl. „Já, ég er að gefa hana út í tilefni þess að nú eru tíu ár síðan hún kom út. Bókin hefur verið ófánleg árum saman. Þetta er fyrsta bók nýs forlags sem ég á og tilvalið að gefa hana út fyrsta bóka því Falskur fugl er fyrsta bókin sem ég hef skrifað af fjórum.“ jakob@frettabladid.is



JÓN ATLI Við höfum mörg dæmi þess að unglingar, sem eigi framtíðina fyrir sér og skorti ekkert, leiðist út í tóma vitleysu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Claire Danes verður nýtt andlit fyrir skartgripalínu Gucci-tískuhússins, og kemur þannig í stað Drew Barrymore. Danes kveðst stolt af því að vinna með Gucci, og segist dást

að **Fridu Giannini**, sem er listrænn stjórnandi tískuhússins. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Danes situr fyrir, en í fyrra kom hún fram í sjónvarpsauglýsingum fyrir fataverslanirnar GAP.

Tónlistarkonan **Fergie** kveðst hafa verið himinlifandi að hafa verið beðin um að syngja titillag væntanlegrar Sex and the City-kvikmynda. Hún segir það hafa verið mikinn heiður, þar sem hún og móðir hennar séu miklir aðdáendur þáttanna. Fergie segir lagið, Labels and Love, hæfa myndinni gjörsamlega, þar sem það sé einhvers konar ástarþríhyrningur á milli ástar, vína og tísku.



KÆRAR ÞAKKIR

SÍÐASTLIÐIÐ SUNNUDAGSKVÖLD HÉLDUM VIÐ OKKAR FYRSTA MÁLVERKAUPPBOÐ EFTIR 10 ÁRA HLÉ. VIÐ ERUM HRÆRÐ OG GLÖÐ MEÐ MÓTTÖKURNAR OG ÞÖKKUM ÖLLUM SEM TROÐFYLLTU SALINN Á HILTON-NORDICA-HÓTELI.



Muggur. Hamarshögg: 2.700.000



Kjarval. Hamarshögg 580.000



Stórval. Hamarshögg: 125.000



Ásgrímur J. Hamarshögg: 2.850.000



Kr. Davíðsson. Hamarsh.: 3.900.000



Karólína. Hamarsh.: 280.000



Kjarval. Hamarshögg: 1.900.000



Porvaldur. Hamarshögg: 170.000



Porvaldur. Hamarsh.: 1.000.000

Undirbúningur að næsta uppboði er hafinn.

Örugg og góð þjónusta - lægri sölulaun.

Erna Flygenring og Pétur Þór Gunnarsson



Louisa. Hamarshögg: 2.600.000



Porvaldur. Hamarsh.: 160.000

Galleri BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur
Skiptiholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40



Porvaldur. Hamarshögg: 300.000

Endurvinnum – umhverfisins vegna



Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



KVEÐJA SEM MEISTARAR Þeir Jón Karl Björnsson og Halldór Ingólfsson eru hættir og fögnuðu bikarnum vel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Jón Karl Björnsson og Halldór Ingólfsson hættir: Kvöddu með góðum sigri

HANDBOLTI Haukar fengu Íslandsmeistarabikarinn afhentan eftir sigur liðsins á Aftureldingu, 32-29. Haukar kvöddu þá Jón Karl Björnsson og Halldór Ingólfsson sem leggja skóna á hilluna eftir farsælan og sigursælan feril. Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, sagði undirbúning fyrir næsta tímabil hafinn.

„Tryggi Haraldsson og Hafsteinn Ingason leysa Jón Karl og Halldór af hólmi og svo erum við að vinna í því að framlengja við okkar leikmenn. Við stoppum í þau gót sem við þurfum.“

Aron vildi ekki segja hvaða leikmenn væru til skoðunar en Birkir Ívar Guðmundsson landsliðsmark-

vörður er líklega á heimleið og því ekki úr vegi að spyrja hvort Haukar hafi sett sig í samband við hann. „Ég frétti að Viggó væri alltaf að hringja í hann. Hann er Haukamaður og fór héðan út í góðu. Við höfum alltaf átt í góðu sambandi við hann og það hefur ekki breyst,“ sagði Aron sem segir Hauka ætla að reyna að halda Elíasi Má Halldórssyni.

Það var ekki eins bjart yfir Bjarka Sigurðssyni, þjálfara Aftureldingar, í leiklok enda liðið fallið. „Ef stjórn HSÍ og liðin í deildinni vilja halda þessu fyrirkomulagi sem er, sem ég skil engan veginn, þá leikum við í 2. deild á næsta tímabili.“ - gmi



ÞJÁLFARI ÁRSINS Aron Kristjánsson hefur unnið frábært starf á sínu fyrsta ári með Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



KÁTUR Räikkönen fagnaði ráspólnum vel í Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Formúlan í Barcelona:

Räikkönen á ráspól

FORMÚLA 1 Kimi Räikkönen átti rosalegan síðasta hring í tímatökunni í Barcelona í gær og stal ráspólnum af heimamanninum Fernando Alonso. Felipe Massa ræsir þriðji á rásröð. Lewis Hamilton varð aftur á móti að setta sig við fimmta besta tímanna, en Robert Kubica náði örlítið betri tíma en hann.

„Ég er hæstánægður enda er bíllinn og liðið að taka miklum framförum. Annað sætið er talsvert betra en við áttum von á. Við munum halda áfram að bæta okkur,“ sagði Spánverjinn Alonso en Renault-bíllinn hefur virkað hálfkraftlaus í upphafi tímabilsins.

Räikkönen er efstur í keppni ökuþóra og hann var ánægður með ráspólinn í gær.

„Ég hef verið að reyna að ná ráspól og það er góð tilfinning að það hafi loksins gengið,“ sagði Räikkönen en tilfræðin er með honum þar sem ökuþórinn á ráspól í Barcelona hefur unnið síðustu sjö árin. - hbg

Teitur rekinn og Brenton farinn til Grindavíkur

Það er hasar í Njarðvík þessa dagana. Það er búið að reka Teit Örlýgsson sem þjálfara og Brenton Birmingham er á leið til Grindavíkur. Teitur segir að vinnuumhverfið í Njarðvík sé skítugt þar sem grafið sé undan mönnum.

KÖRFUBOLTI Það er talsvert óvissu-ástand í herbúðum Njarðvíkinga þessa dagana. Stjórn körfuknattleiksdeildar ákvað frekar óvænt á föstudagskvöldið að reka Teit Örlýgsson úr starfi þjálfara eftir aðeins eins árs setu í stólnum heita. Teiti hafði áður fengið skilaboð um að hann fengi að þjálfa liðið áfram.

Þess utan hefur Brenton Birmingham gert munnlegt samkomulag við Grindavík um að spila með þeim næsta vetur og heyrst hefur að Grindvíkingar vilji einnig fá Damon Bailey til sín, en hann lék með Njarðvík í vetur.

„Það var hringt í mig á föstudagskvöldið. Stjórnin hélt víst einhvern neyðarfund eftir að Brenton ákvað að fara til Grindavíkur og í kjölfarið var ég boðaður á fund þar sem mér var sagt upp,“ sagði Teitur við Fréttablaðið, en hvaða ástæður gaf stjórnin fyrir uppsögninni?

„Ég fékk eiginlega enga alvöru ástæðu upp úr þeim. Þeir sögðu að það væri ekki árangurinn. Ég hef samt heyrt af því síðan að ég hafi ekki fullan stuðning einhverra leikmanna sem hafa ekki fulla trú á því að ég geti farið með liðið í hæstu hæðir.“

Svo held ég að fólk í stjórn sem og ráðgjafar þeirra hafi heldur ekki haft trú á mér. Ég held reyndar að sumir hafi ekki haft trú á mér frá byrjun og ég fann fyrir því. Það eru ekki allir að vinna af heilindum þarna. Það er sagt eitt við mig og annað við næsta mann,“ sagði Teitur en umræða um óheilbriggt vinnuumhverfi í Njarðvík kom einnig upp fyrir ári síðan



TEITUR ÖRLÝGSSON Var sár og svektur í fyrstu yfir að vera rekinn frá Njarðvík. Hann gagnrýnir vinnuumhverfið í Njarðvík harkalega og segir að grafið sé undan mönnum í stað þess að styðja þá. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

þegar Einar Árni Jóhannsson fékk að fjúka.

„Einar og fleiri voru búnir að vara mig við því að þetta væri dálítið skítugt umhverfi. Því miður eru menn að grafa undan hver öðrum þarna. Ég var mjög sár og svektur í fyrstu og spurði af hverju ég hefði ekki fengið að sitja fundinn?“

Ég sé mikil tækifæri fyrir Njarðvík fyrst að Brenton er farinn. Brotthvarf hans losaði um

mikla peninga enda Brenton langdyrasti leikmaður liðsins. Ég hefði viljað nýta þessa peninga vel og taldi þarna hafa opnast sóknarfæri á meðan aðrir óttuðust brotthvarf hans,“ sagði Teitur.

Valur Ingimundarson er sterklega orðaður við starfið núna. Ásgeir Guðbjartsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar, segir leitina að arftaka Teits nýhafna og sé ekki lengra komin en að nokkur nöfn séu á blaði. henry@frettabladid.is

Páll Kristinsson: Framtíðin óráðin

KÖRFUBOLTI Það ríkir talsverð óvissa um framtíð Páls Kristinssonar, leikmanns Grindavíkur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefndi hann á að snúa aftur til Njarðvíkur en í ljósi síðustu atburða hefur hann frestað þeirri ákvörðun sinni.

„Það er allt óákveðið hjá mér. Ég get verið áfram í Grindavík, hef heyrt í Njarðvíkingum og svo kemur einnig til greina að hætta bara, enda er vinnan mín þess eðlis að ég á erfitt með að iðka körfuboltann af fullum krafti,“ sagði Páll við Fréttablaðið. - hbg

Brenton til Grindavíkur: Vildi prófa eitthvað nýtt

KÖRFUBOLTI Hinn 35 ára gamli körfuknattleiksmaður, Brenton Birmingham, hefur ákveðið að söðla um og yfirgefa Njarðvík og flytja sig yfir til Grindavíkur.

„Grindavík gerði mér tilboð rétt eins og þeir hafa gert síðustu ár. Ég er góðvinur Friðriks þjálfara og eftir að hafa sofið á þessu ákvað ég að slá til og prófa eitthvað nýtt. Eg var til í nýja áskorun,“ sagði Brenton en Njarðvíkingar gerðu honum einnig tilboð.

„Ég hef spilað með Grindavík áður og naut þess að spila þar. Það eru engin leiðindi út í Njarðvík sem er félag sem ég elska. Ákvörðunin var erfíð en á endanum ákvað ég að prófa eitthvað nýtt,“ sagði Brenton en hann segir laun ekki hafa skipt aðalmáli í ákvörðun sinni. - hbg



Polir fartölvun þín fall?

Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 13. febrúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu fleygt úr 8 metra hæð. Eftir fallið var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn heldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvur verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.



NÝHERJI

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

ÚRSLIT

N1-deild karla:

Haukar-Afturelding 32-29
Mörk Hauka: Gunnar Víktorsson 10/4 (14/4), Kári Kristjánsson 6 (6), Jón Björnsson 4/2 (8/3), Elías Halldórsson 3 (3), Gísli Jón Þórisson 2 (3), Arnar Pétursson 2 (3), Andri Stefan 2 (4), Freyr Brynjarsson 2 (5), Halldór Ingólfsson 1 (4/1)
Varín skot: Gísli Guðmundsson 7 (20/1 35%), Magnús Sigmundsson 8 (24/3 33,3%)
Mörk Aftureldingar: Einar Guðmundsson 13/2 (17/2), Hilmar Stefánsson 5/2 (6/2), Jóhann Jóhannsson 3 (7), Ásgeir Jónsson 2 (2), Magnús Einarsson 2 (3), Jón Helgason 2 (3), Prándur Gíslason 1 (1), Örn Bjarkason 1 (4), Aron Eribeck (1), Hrafn Ingvarsson (2), Daniel Jónsson (2)
Varín skot: Oliver Kiss 3/1 (16/4 18,8%), Davíð Svansson 16/1 (35/4 45,%)

N1-deild kvenna:

FH-Fram 27-35 (16-13)
Mörk FH: Ragnhildur Guðmundsdóttir 9/4 (18/6), Gunnur Sveinsdóttir 7 (11), Hildur Þorgeirsdóttir 6 (13), Líney Rut Guðmundsdóttir 2 (2), Birna Íris Helgadóttir 2 (4), Arnheiður Guðmundsdóttir 1 (2), Ingibjörg Pálmadóttir (1)
Varín skot: Gabriela Cristescu 15/2 (50/7 30%)
Hraðaupphlaup: 4 (Hildur 2, Arnheiður, Líney)
Fiskuð víti: 6 (Gunnur 3, Tíjana, Sigrún, Líney)
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 9/2 (14/2), Karen Knútsdóttir 7/2 (8/3), Marthe Sördal 5 (7), Pavla Nevariolva 4/1 (4/1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3 (8/1), Anett Köbli 2 (4/1), Ásta Birna Gunnardóttir 1 (2), Sara Sigurðardóttir (2)
Varín skot: Kristína Matuzeviciute 11 (32/1 34,4%), Karen Einarsdóttir 1 (6/3 16,7%)
Hraðaupphlaup: 11 (Stella 4, Marthe 3, Karen 3, Sigurbjörg)
Fiskuð víti: 8 (Sigurbjörg 2, Pavla 2, Sara, Karen, Stella, Þórey)
Utan vallar: 2 mínútur
Gróttu-Stjarnan 19-20 (13-11)
Mörk Gróttu (skot): Pavla Plaminkova 6/5 (16/7), Ragna Karen Sigurðardóttir 4 (6), Anna Ú. Guðmundsdóttir 3/2 (6/2), Arndís María Erlingsdóttir 3 (5), Aukse Visnyauskaite 2 (5), Eva Hlößversdóttir 1 (2), Karólína Gunnarsd. (1)
Varín skot: Íris Björk Símonardóttir 4 (13/1) 31%, Guðrún Ósk Maríasdóttir 13/1 (24/5) 54%
Hraðaupphlaup: 2 (Ragna Karen 2)
Fiskuð víti: 9 (Aukse 3, Eva Björk 2, Anna Úrsula 2, Ragna Karen, Hildur María Andrésdóttir)
Utan vallar: 6 mínútur
Mörk Stjörnunnar (skot): Alina Petrache 8/5 (19/7), Harpa Sif Eyjólfssdóttir 4 (8), Sólveig Lára Kjærnested 3 (5), Birgit Engl 3 (6), Ásta Björk Agnarsdóttir 2 (2), Þorgerður Atladóttir (1), Rakei Dögg Bragadóttir (4)
Varín skot: Florentina Stanciu 17/1 (35/7) 49%, Helga Vala Jónsdóttir 1/1 (2/2) 50%
Hraðaupphlaup: 3 (Birgit 2, Sólveig Lára)
Fiskuð víti: 6 (Kristín Clausen 2, Birgit, Harpa Sif, Alina, Ásta Björk)
Utan vallar: 4 mínútur
Valur-Haukar 24-25
Fylkir-Akureyri 32-29



MARKSKOT Harpa Sif Eyjólfssdóttir sækir hér að marki Gróttu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

N1-deild kvenna:

Stjörnusigur í spennuleik

HANDBOLTI Stjarnan varð að vinna sigur á Gróttu til að halda titilvönun sínum lifandi. Það tókst því þær sigróu 20-19 og dugir því að vinna Val í síðustu umferðinni til að tryggja sér Íslandsmeistararitilinn. Takist það ekki verða Framstúlkur meistara.

Gróttu leiddi 13-11 í hálfleik og seinni hálfleikur var gríðarlega spennandi. Gróttu fékk tækifæri í síðustu sókn leiksins til að jafna metin en varnarmúr Stjörnunnar varði skot Pövlú Plaminkovu og Stjarnan fagnaði sigri.

Rakei Dögg Bragadóttir, fyrirliði Stjörnunnar, var ánægð í leikslök. „Það er hrikalega sætt að klára þetta á síðustu mínútunum eftir að hafa verið svona mikið undir,“ sagði Rakei.

Stjarnan mætir Val í síðustu umferðinni og getur tryggt sér titilinn með sigri. „Ég býst við brjáluðu Valsliði. Þær sögðu að þær ætluðu að klára þá leiki sem eftir voru og þó að þær hafi tapað gegn Haukum er ég viss um að þær ætla sér sigur í leikum.“ - sj

Fram heldur í vonina um að landa Íslandsmeistararitilinum í N1-deild kvenna eftir sigur á FH í lokaleik:

Alltaf ömurlegt að þurfa að treysta á aðra

HANDBOLTI Fram þurfti að hafa fyrir því að sigra FH og halda í vonina um að landa Íslandsmeistararitilinum í N1 deild kvenna. Fram lagði FH með átta markum, 35-27, eftir að hafa verið undir í hálfleik. Fram þarf að treysta á að Stjarnan tapi stigum gegn Val í lokaumferðinni um næstu helgi til að verða meistari.

Einar Jónsson, þjálfari Fram, var ánægður með að lið hans hafi náð í stigin tvö í boði og heldur í vonina um að standa uppi sem sigurvegari þegar mótið er úti. „Við sýndum karakter eftir arfaslakan fyrri hálfleik. Við enduðum mótið á góðum nótum. Við þurftum að vinna þennan leik sama hvernig

við fórum að því. Þetta var góður endir á góðu tímabili og svo sjáum við hvort óvæntir hlutir gerist eftir viku. Það er alltaf ömurlegt að þurfa að treysta á aðra. Ef maður þarf að treysta á annað lið til að sigra Stjörnuna þá myndi maður velja Val. Þær hafa leikið best allra liða upp á síðkastið,“ sagði Einar og bætti við.

„Sama hvernig fer eftir viku þá geta Framarar verið stoltir af þessu tímabili. Ef þetta fer á versta veg þá endum við með jafn mörg stig og Stjarnan og þær áttu oddaleikinn heima. Það væri gaman að standa uppi með bikarinn en hvað sem gerist held ég að við séum einir af sigurvegurum

þessa móts. Við lögðum upp með að vera við toppinn og stríða toppliðunum og við höfum gert það og rúmlega það. Ég hafði trú á að við gætum gert atlögu að þessu í upphafi móts. Markmiðið var að vera í topp fjórum. Við settum okkur ný markmið um áramót. Að fara í hvern leik til að vinna. Við endum á toppnum núna. Það er bjart framundan í Safamýrinni,“ sagði Einar að lokum.



MARK Þórey Rósa Stefánsdóttir og félagar í Fram þurfa að fylgjast með úr stúkunn um næstu helgi en þá kemur í ljós hvort Fram eða Stjarnan verður meistari. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

FREELANDER 2 BÍLL ÁRSINS Á FRÁBÆRU VERÐI

Frá kr. 4.990.000*



Með bílinn handa þér

FREELANDER 2 SPORT AUKAHLUTAPAKKI: Leðursæti, 17" álfelgur, málmklakk, leðurstyri, rafstýrt bílstjórásæti, hiti í sætum, sjálfskipting.
Fullt verð á pakka kr. 830.000. Tilboðsverð á pakka kr. 560.000

Land Rover Freelander 2,2 Dísel með aukahlutapakka kr. 5.550.000

* Verð á Freelander Base. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum Land Rover í síma 575 1200 eða í netfangi landrover@landrover.is. Bíll á mynd Freelander HSE

B8L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is

60
YRS



GO BEYOND

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30
Monk

Einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk þarf ekki að kynna fyrir löngu áunnið sér rækilegar vinsældir og það verðskuldaðar því þeir eru fáir framhaldspættirnir sem eru skemmtilegri. Í Monk sam-einast nefnilega það tvennt sem allir sækjast helst eftir, gott grín og stöðug spennan. Í þættinum í kvöld aðstoðar Monk frægan rappara við að hreinsa nafn sitt eftir að hafa verið ákærður fyrir morð. Gestaleikari í þættinum er enginn annar en Snoop Dogg.



VIÐ MÆLUM MEÐ
Addiction
Stöð 2 kl. 23.15

Mynd þessi er samantekt á viðamiklu rannsóknarverkefni þar sem fíkin var skoðuð í víðu samhengi. Rannsóknin var gerð um gervöll Bandaríkin og náði til allra aldurshópa, jafnt unglunga sem fullorðinna sem allir áttu við einhvers konar fíkn að glíma. Þessi einstaka heimildarmynd frá HBO á erindi og snertir alla.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | |
|---|--|
| 06.30 Árla dags | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 06.40 Veðurfregni | 16.08 Veðurfregni |
| 08.00 Morgunfréttir | 16.10 Úr tónlistarlífinu |
| 08.05 Morgunandakt | 17.30 Úr gullkistunni |
| 08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni | 18.00 Kvöldfréttir |
| 09.03 Lárétt eða lóðrétt | 18.26 Seiður og hélog |
| 10.05 Veðurfregni | 18.52 Dánarfregni og augýsingar |
| 10.15 Í öðrum heimum - vísindaskáldskapur kvenna | 19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn |
| 11.00 Guðsþjónusta í Vídalínskirkju | 20.00 Leynifélagið |
| 12.00 Hádegisútvarp | 20.30 Brot af eilífðinni |
| 12.20 Hádegisfréttir | 21.10 Orð skulu standa |
| 12.45 Veðurfregni | 22.07 Veðurfregni |
| 13.00 Gárur | 22.12 Orð kvöldsins |
| 14.00 Hvað er að heyra? | 22.15 Til allra átta |
| 15.00 Útvarpsleikhúsið: Ástandið | 23.00 Andrarímur |
| | 00.07 Nærtúónar |

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks** Hágæða bresk unglingsá-sápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Þáttaröðin er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
- 16.25 Hollyoaks**
- 16.50 Hollyoaks**
- 17.15 Hollyoaks**
- 17.40 Hollyoaks**
- 18.30 The Class (3:19)** The Class er bráðskemmtilegu nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddi Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
- 19.00 Wildfire (5.13)**
- 19.45 Extreme. Life Through a Lens (12:13)** Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
- 20.30 Special Unit 2 (18:19)** Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakir allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af.
- 21.15 X-Files (20:24)**
- 22.00 Bandið hans Bubba (12:12)**
- 23.20 Falcon Beach**
- 00.05 American Dad (9:23)**
- 00.35 Sjáðu**
- 01.05 Skífulistinn**
- 01.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

BBC PRIME

- 9.00** Top Gear Xtra **10.00** The Weakest Link **11.00** Massive Nature **11.30** Massive Nature **12.00** Massive Nature **12.30** Massive Nature **13.00** Massive Nature **13.30** Massive Nature **14.00** Wild New World **15.00** Wild New World **16.00** Wild New World **17.00** Wild New World **18.00** Wild New World **19.00** Wild New World **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Top Gear Xtra **22.00** Top Gear Xtra **23.00** Massive Nature **23.30** Massive Nature **0.00** Massive Nature **0.30** Massive Nature **1.00** Wild New World

DR 1

- 10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** SPAM 2008 **11.00** SKUM TV **11.25** Family Guy **11.50** Bispevelse i Roskilde **13.50** Afgrunden **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Tæt på Dyrene **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.10** Landsbyhospitalet **18.00** Kongemordet **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med SAS liga **19.50** Thirteen Days **22.10** Höök

NKI

- 8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Bak kullissene i Zoo **8.45** Sydvest **9.15** Héléne Grimaud om kjærlighet og musikk **10.10** Landstrykere **11.45** På Herrens Mark **12.15** Kingdom **13.30** Musikk på søndag: En reise med operaregissøren Peter Sellars **15.00** Adresse Beograd **15.30** Apen himmel: Den gode hyrde **16.00** Skrimmel Skrammel **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Fantastiske reiser **18.55** Det kvinner vil ha **21.00** Kveldsnytt **21.20** Rally-VM 2008: Rally Jordan **22.10** Juristane **22.55** Uka med Jon Stewart **23.20** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

- 9.00** Vi i femman **11.00** Debatt **12.00** Babel extra **12.30** Dispatches on Tibet **13.25** I love språk **14.25** Världen **15.25** Kulturfolkets historia **15.55** Anslagstavlan **16.00** Bolibornpa **16.30** Inför Eurovision Song Contest **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** En bro över Wadi **20.40** Resan till Mars **21.10** Rapport **21.20** Barmorskorna **21.50** Kobra **22.20** Svindlarna



STÖRFREYTAST VONIR BREYTASTSAMBÖND BREYTAST VÖLD BREYTAST

GREY'S ANATOMY

HEFST AFTUR Á MIÐVIKUDAG KL. 21:10

LÍFIÐ BREYTIST FJÖLSKYLDAN BREYTIST ÁSTIN BREYTIST



ALLT ER BREYTINGUMHÁÐ

FRÁBÆRT
GREY'S ANATOMY
ÁSKRIFTARTILBOÐ
5.390 KR.*
EXTRA BÍÓ

*Á mánuði miðað við þriggja mánaða bindingu.





„Ég er montin og stolt og hún er falleg að innan sem utan. Ég fer varla út úr húsi nema að skarta höfuðskrauti eftir hana.“

Margrét Sigtryggsdóttir sjúkraliði um dóttur sína Thelmu Björk Jónsdóttir. Hönnun Thelmu verður áberandi í brúðarblaði franska dagblaðsins Le Figaro í næsta mánuði.

HIN HLIÐIN ANNA RAKEL RÓBERTSDÓTTIR, NÁMSMAÐUR OG PLÖTUSNÚÐUR

Veik fyrir ís og amerískri vellu

Hvað er að fréttu? Það er allt á fullu. Ég er að klára fyrsta árið mitt í grafískri hönnun í Listaháskólanum og var að frumsýna myndina Konfekt-kassann sem ég leik í í vikunni.
Augnlitur: Grænn.
Starf: Plötusnúður og verðandi hönnuður.
Fjölskylduhagir: Góðir.
Hvaðan ertu? Héðan og þaðan, aðallega héðan. Ég er fædd í Danmörku, alin upp í Bandaríkjunum og í Hlíðunum.
Ertu hjátrúarfull? Já, frekar.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég er búin að gefast upp á sjónvarpinu eins og er, en Dexter var í upphaldi hjá mér. Ég þori varla að viðurkenna hversu mikil sjoppa ég er í rauninni en ég er líka veik fyrir amerískri vellu eins og Bachelor.
Uppáhaldsmatur: Grjónagrat, fiskur, marsípan og ís. Og Hamborgarabúllan.
Fallegasti staðurinn: Ísland.

iPod eða geislaspilar? iPod, geislaspilarinn minn er ónýtur.
Hvað er skemmtilegast? Að hlæja og hafa gaman.
Hvað er leiðinlegast? Leiðinlegt fólk.
Helsti veikleiki: Ís.
Helsti kostur: Mér finnst gaman að vera til.
Helsta afrek: Að komast inn í LHÍ og leika í Konfekt-kassanum!
Mestu vonbrigðin: Ég nenni ekki að velta mér upp úr þeim.
Hver er draumurinn: Að ná tökum á því að vera til í núinu.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Davíð bróðir, hann er ótrúlega skemmtilegur og fyndinn.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Svartsýni og neikvæðni.
Hvað er mikilvægast? Ást og hamingja.



Bubbi í Rammstein-útgáfu

Ballhljómsveitin Dísel hefur gefið út rokkútgáfu af hinu sígilda lagi Bubba Morthens, Stál og hnífur. „Við vorum búnir að æfa kassagítarútgáfuna af Stáli og hníf og fannst hún engan veginn virka. Við höfum kallað þetta Rammstein-útgáfu. Hún er rosalega einföld og þétt,“ segir Magnús Ingi Sveinbjörnsson, trommari Dísel. „Þessi útgáfa gefur laginu dálítið nýjan blæ. Það er fyrir löngu búin að taka það út af listum á útvarpsstöðvum og þessi útgáfa gefur því nýtt spark í rassinn.“

Dísel, sem var stofnuð í lok síðasta árs, hefur miklar mætur á Bubba, enda með þrjú önnur Bubbalög á tónleikadagskrá sinni; Híros-hima, Fjöllin hafa vakað og Rómeó og

BUBBI Bubbi er ánægður með framtak ballsveitarinnar Dísel.



Júlía. „Þetta þrælvirkar enda eru þetta frábær lög. Í hvert einasta skipti sem við spilum þau verður allt vitlaust,“ segir Magnús.

Hann segir hljómsveitina ekki hafa beðið um leyfi hjá Bubba til að taka upp lagið. „Þú mátt endurútgefa lag ef það kemur fram hver á upprunalegu útgáfuna og ef þú breytir ekki uppröðuninni á laginu. En ég held að við eigum samt eftir að hringja í hann eftir helgi og rabba við hann til að hafa hann góðan.“

Bubbi hefur ekki heyrt lagið en er engu að síður ánægður með framtak Dísel. „Það er fínt að menn nenni að spila lög eftir mig og ekkert nema gott um það að segja,“ segir hann og er ekkert ósáttur þótt Dísel hafi ekki beðið um leyfi hjá sér. „Lögin mín eru ekki heilög. Ég er bara ánægður svo lengi sem menn eru ekki að breyta lögum og textum.“

Útgáfu Dísel af Stáli og hníf má heyrja á síðunni www.myspace.com/diselspace.



DÍSEL Hljómsveitin Dísel hefur gert nýja útgáfu af Bubba-laginu Stál og hnífur.



GEIRI FYRIR UTAN BANKANN Þar sem áður var bankastarfsemi verður í framtíðinni veitingahús í eigu Geira. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVALI BJÖRGVINSSON: KAUPÞING FLYTUR AÐALÚTIBÚ SITT

Geiri opnar Gleðibankann

„Já, staðurinn mun hugsanlega heita Gleðibankinn. Eða jafnvel Rússneski bankinn því uppi eru hugmyndir um að setja þarna upp rússneskan veitingastað. En allt er þetta óljóst á þessu stigi,“ segir Ásgeir Þór Davíðsson veitingamaður – betur þekktur sem Geiri á Goldfinger.

Geiri er aftur á leið í miðbæinn með sinn oft á tíðum umdeilda veitingarekstur. Hann mun taka við helmingi húsakynna þar sem nú er aðalútibú Kaupþings við Austurstræti 5. Þetta sætir tíðindum, meðal annars því Geiri var nánast flæmdur úr borginni á sínum tíma eftir að borgin setti fram reglur um að rekstur sulu-staða væri ekki leyfilegur þar en þá rak Geiri veitingastaðinn Max-ims í Hafnarstræti. Áður rak hann Hafnarkrána þar. Síðan hefur

Geiri haldið til í Kópavoginum með Goldfinger.

„Nei, það verður ekkert stripp. Hvað sem menn halda þá fer ég nú eftir lögum og reglum. En þetta gengur út á að ég tek helminginn af Búnaðarbankanum á leigu. Tæpir 600 fermetrar á þremur hæðum. Hinn helmingurinn verður áfram lagður undir bankastarfsemi eftir því sem ég best veit,“ segir Geiri.

Húsið sem Geiri kallar Búnaðarbankann eru aðalútibú Kaupþings við Austurstræti 5. Bankinn er að draga saman starfsemi sína þar. En Geiri er hins vegar að færa út kvíarnar. Hann er nú í óða önn við að innrétta glæsilegan sportbar við Grensásveg þar sem áður var Bóhem. Stefnt er að því að þeim framkvæmdum ljúki 1. júní og þá vonast Geiri til þess að hafa

teikningar, sem reyndar á eftir að samþykkja, og gengi hans geti snúið sér að breytingum á húsakynnum við Austurstræti.

Að sögn Svala Björgvinssonar starfsmannastjóra hefur Kaupþing smátt og smátt verið að flytja starfsemi sína úr miðborginni og er það einkum vegna aðgengis viðskiptavina sem var orðið erfitt vegna bílastæðamála, meðal annars. „Þetta eru skipulagsbreytingar. Aðalútibú bankans verður nú við Laugaveg 120. Þar verður langstærsta útibú bankans. En við verðum áfram með starfsemi í gamla góða salnum í Austurstræti sem svo margir þekkja af afar góðu. Útibússtjórar verða áfram þeir sömu, Jón Emil Ólafsson aðalútibússtjóri og Þorsteinn Ólafsson sem nú er á Laugavegi 120.“

jakob@frettabladid.is

Langur biðlisti eftir risaköttum

„Mjólkurbílstjórinn okkar var meira að segja spurður út í hvernig væri hægt að ná sambandi við okkur og hvernig kettirnir væru í raun og veru,“ segir Jón Egill Indriðason, kúabóndi og kattaræktandi með meiru. Eftir að Fréttablaðið greindi frá því að hann og eiginkona hans, Sigríður Þóra Stormsdóttir, ræktuðu svokallaða Maine Coon-ketti, varð hreinlega allt brjáláð, fólk hringdi norður og vildi vita meira um þetta risakyn.

Á barnalandi.is spunnust miklar umræður um kattarkynið og er ljóst að Maine Coon-kettir gætu orðið stjörnur ársins í kattasamfélaginu. Jón Egill verður hins vegar að hryggja áhugasama með því að það er langur biðlisti og nú sé hann að biða eftir því að rauði högninn í Hrísey losni úr vist sinni. „Ég er með tvær læður á heimilinu en það verður örugglega ekkert got fyrr en með haustinu. Ég veit ekki hvernig staðan er fyrir sunnan en mér skilst að hún sé eitthvað svipuð,“ útskýrir Jón Egill.



SKORTUR Á MAINE COON Langur biðlisti er eftir risaköttum og ásóknir hefur ekki minnkað eftir umfjöllun Fréttablaðsins.

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn mánudaginn 28. apríl 2008 kl. 18 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kosning fulltrúa á ársfund lífeyrissjóðsins Stafa.
- Kynning á starfsemi lífeyrissjóðsins Stafa.
- Önnur mál.

Kveðja Stjórnin



NÁMSKEIÐ & VELLÍÐAN fyrir þig

Betra form

8 vikna námskeið fyrir konur
Betra form 6 – fjölbreytt, skemmtilegt og árangursríkt.
6 mismunandi æfingakerfi:
Zumba/Body Jam, Tæbó-brennsla og Bodybar blanda, Hjól og tæki, Mótun og Pallabrennsla.
Þér leiðist ekki eina sekúndu!

Stott-Pilates

Stott-Pilates kerfið þjálfar flata og sterka kviðvöðva. Jafnvægi á milli styrk- og teygjuæfinga framkallar langa, granna vöðva og auðveldar hreyfingar. Frábært æfingakerfi sem hefur slegið rækilega í gegn um heim allan. Einnig boðið upp á 1-4 manna hópa í Reformer og sérstaka pilates einkatíma fyrir barnshafandi konur.

Karlaprek

Fyrir karla sem vilja komast í gott form í góðum hópi. Hjól og tækjþjálfun 2x í viku og þjálfað með púlsmæli sem gerir þjálfunina markvissa og hvetjandi. Frábær þjálfun og góð stemmning. Vigtn og mælingar.

Vertu í fínu formi í sumar!
Skráðu þig núna á námskeið sem skilar þér árangri.

Hefst 5. maí

Ný og enn betri 8-vikna námskeið í nýju húsnæði Hreyfingar í Glæsibæ.

Auk glæsilegrar aðstöðu til líkamsræktar er frjálst aðgangur að spennandi útiaðstöðu, jarðsjópotti, eimbaði og sanarium. Settu þig í fyrsta sæti og finndu þinn sælureit. ATH! Einnig eru í boði 4ra-vikna námskeið með sérstaklega miklu aðhaldi. Sjá nánar á www.hreyfing.is

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is eða í síma 414-4000. Skráðu þig núna í síma 414-4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is.

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is





BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Alþjóðalög

Þegar allt kemur til alls erum við Íslendingar býsna heppnir. Við búum við tiltölulega síðlegt lýðræði. Þrátt fyrir að öðru hverju verði vart vægrar spillingar í stjórnkerfinu þurfum við ekki að hafa áhyggjur af mjög víðtækri valdniðslu eða handahófskenndri frelsissviptingu borgaranna. Við njótum þrátt fyrir allt nokkuð áreiðanlegs réttaröryggis. Svona er þetta ekki alls staðar. Sorglega víða á lýðræðið í vök að verjast og ráðamenn svífast einskis í valda-brólti sínu.

ALPJÓÐLEG samvinna eykst sífellt og alþjóðalög og reglugerðir verða stöðugt umfangsmeiri. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem varða hryðjuverk. Með því er stefnt að því að uppfylla skilyrði til að unnt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum. Þar segir m. a. að fyrir hryðjuverk „skuli refsar með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að ... þvinga með ólögumætum hætti íslensk ... stjórnvöld ... til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert ...“ fremur ákveðin brot.

LAGAMÁL er mikið torf og ég hef tekið út aukasetningar til að draga fram þennan kjarna málsins. Alþjóðleg mannréttindasamtök hafa látið í ljós efasemdir um að orðalag þessa Evrópuráðssamnings standist alþjóðlegar mannréttindakröfur og tryggi rétt fólks til lögmætrar andstöðu við stjórnvöld sem er varin af alþjóðlega viðurkenndum mannréttindareglum. Nýlegir atburðir hérlendis sýna hve brýnt það er að ráða bót á þessu, en lög hafa einmitt verið brotin í þeim tilgangi að þrýsta á stjórnvöld að „gera eitthvað“ (að lækka álgur á eldsneyti) eða „láta eitthvað ógert“ (að virkja fljót).

VIÐ Íslendingar erum heppnir. Við þurfum sennilega ekki að hafa áhyggjur af því að stjórnvöld misbeiti þessum lagabókstaf, skilgreini vörubílstjóra og umhverfisverndarsinna sem hryðjuverkamenn og hafi þá á bak við lás og slá eins lengi og þeim sýnist án dóms og laga, án þess að birta þeim kæru eða gefa þeim kost á málsvörn, eins og sums staðar væri gert. En hvað með rússnesk, georgísk, aserbáíðsjönsk eða moldavísk stjórnvöld, svo ég nefni fjögur aðildarríki Evrópuráðsins þar sem lýðræðishefðin er veik en hefðin fyrir valdniðslu og pólitískri spillingu þeim mun sterkari?

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 27. apríl.
118. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.13	13.25	21.40
Akureyri	4.46	13.10	21.36

Heimild: Almanak Háskólans



Akureyri:
16. maí-31. ágúst
Egilsstaðir:
17. maí-30. ágúst

Farðu stystu leið!

Beint flug frá Akureyri og Egilsstöðum til Køben hefst 16. og 17. maí.



Í sumar verður flogið frá Akureyri tvisvar í viku, á föstudögum og sunnudögum og alla laugardaga frá Egilsstöðum. Einnig er í boði fjöldi framhaldsfluga frá Køben um alla Evrópu. Kynntu þér úrvalið á www.icelandexpress.is/framhaldsflug Bókaðu flug á www.icelandexpress.is

Iceland Express með ánægju